

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2006-2007

Aðalfundur

22. september 2007

haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar

Efnisyfirlit

<i>Inngangsorð framkvæmdastjóra</i>	3	Fótstignar pumpur	18
<i>Innanlandsstarf</i>	4	Skepnuhald	19
Aðstoð við Íslendinga	4	Trjárækt	19
Umsóknir og afgreiðsla	4	Brunnar	20
Munur á fjölda umsókna eftir hverfum og sveitarfélögum	4	Hreinlæti	20
Ástæður umsókna	5	Umhverfi	20
Öryrkjar fjölmennasti hópur umsækjenda	5	Áhrif alnæmis	21
Samvinna og styrkir	6	Hjúkrunarfræðingar í sjálfböðastarfi	21
Jólaaðstoð með Mæðrastyrksnefnd og RRKÍ – sjálfböðaliðar	6	<i>Neyðaraðstoð</i>	22
Málþing um heimilislausa	6	Í gegnum ACT	22
Ýmsir styrkir	6	Pakistan	22
Félagsráðgjafarnemi í starfsþjálfun	7	Afganistan	22
Annað innlent starf	7	Líbanon	22
Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur	7	Srí Lanka og Súdan	22
Samstarf við félög og stofnanir	7	Úganda	22
<i>Þróunarstarf</i>	8	Tvíhliða neyðarstarf	23
Indland – Mannréttindasamtökin		Tindland	23
Social Action Movement	8	ACT International –	
Forskólar SAM	8	Alþjóðaneyðarhjálp kirkna	23
Kvöldskólar	8	<i>Fræðslu- og kynningarmál</i>	24
Barnaþing	9	Fréttablaðið Margt smátt	24
Opinn háskóli	10	Changemaker – Breytendur	24
Verkalyðsbarátta SAM-samtakanna – nýr samningur við Eflingu	10	Ný kynningarmynd	24
Af starfi með stuðningi Eflingar	10	Fræðsla meðal fermingarbarna	24
Indland – Sameinaða indverska kirkjan	12	Heimsóknir til hópa	25
Skólar og heimavist	12	<i>Safnanir og fjáröflun</i>	25
Mósambík	13	Fermingarbarناسöfnun 2006	25
Aukabúgreinar og ráð við ytri aðstæðum	13	Jólasöfnun 2006	25
Þjálfun og kynnisferðir	13	Páskasöfnun 2007	26
Heilsufar	14	Safnað á kaffihúsum	26
Munadarlaus börn, ekkjur, langveikir og heimilisofbeldi	14	Söfnunarsíminn 907 2002	26
Næringu ábótavant	14	Gjafabréf og minningarkort	26
Menntun og fræðsla	15	Fé úr ýmsum áttum	26
Borholur	15	<i>Erlent samstarf</i>	27
Aðstæðjandi erfiðleikar	15	Samráðsfundur norrænna hjálparstofnana kirkna	27
Úganda	15	Ábyrgðin að vernda	27
Rakaf	16	Fundur APRODEV	27
Sembabule	17	<i>Fjármál</i>	28
Malaví	17	Söfnunarfé og útgjöld	28
Áveitur og ræktun	18	Framlög til verkefna	28
		<i>Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk</i>	29
		<i>Fulltrúaráð og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar</i>	30

Ljósmyndir:

Kristján Ingi Einarsson bls. 8, 9, 11, 12

ACT-International bls. 22

Aðrar myndir tók starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar.

Bros sem ekki líður úr minni

Á ég að gæta bróður míns? Þannig þarf enginn lengur að spyrja. Við þekkjum öll svarið. Við berum ábyrgð hvert á öðru. Við eigum að sýna í verki trú okkar og kærleika til náungans. Ella er trúin dauð. Í baráttunni gegn hungri, fátækt og óréttlæti getur enginn setið hjá. Hjálparstarf kirkjunnar er framrétt hönd kirkjunnar til hjálpar þeim sem í neyð eru. Undirtektir almennings við kalli hennar ákvarða umfang starfsins bæði hér heima og að heiman. Á þessu ári hefur almenningur brugðist vel við og lagt meira af mörkum en nokkru sinni fyrr. Ljóst er að fólk treystir stofnuninni til góðra verka og er ekkert mikilvægt. Samtímis er lögð mikil ábyrgð á herðar stjórnendum Hjálparstarfsins að sjá til þess að fjármunum sé vel varið og komi þeim verst settu til góða.

Meginmarkmið alls þess hjálparstarfs sem stofnunin sinnir er hjálp til sjálfs-hjálpar. Hjálparstarf kirkjunnar hefur unnið með góðum og traustum samstarfsaðilum, sem hafa lagt sig fram við að vinna vel og nýta fjármuni til hins ýtrasta. Þetta er lykilatriði til þess að árangur náist. Við breytum ef til vill ekki heiminum en við getum breytt lífi einstaklinga og samfélaga. Það hefur komið berlega í ljós bæði í þeim verkefnum sem við styðjum í Afríku og á Indlandi. Þúsundir manna, kvenna og barna hafa notið aðstoðar sem breytt hefur lífi þeirra og stöðu. Gott dæmi um það er ungur maður í Úganda sem misst hafði báða foreldra sína úr alnæmi. Hann fékk nýtt hús, vatnstank, tvær geitur og hjálp við að rækta akurspildu. Nú er hann bóndi með 15 geitur, 5 nautgripi og ræktar lauk og selur. Hann sér fyrir tveimur yngri systkinum sínum sem ganga í skóla. Bros hans líður mér seint úr minni er hann sýndi mér búskapinn.

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að auka þróunar- og neyðarhjálp verulega næstu árin og er það gott. Hjálparstarf kirkjunnar hefur átt gott samstarf við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið undanfarin ár. Stofnunin hefur aldrei fengið þaðan eins mikið fjármagn til verkefna eins og nú enda í góðri aðstöðu til að ráðstafa fjármunum í samstarfi við þau alþjóðasamtök sem hún tilheyrir. Von okkar er að framhald verði á þessu samstarfi.


Hjálparstarfið vinnur áfram eftir stefnumótuninni sem samþykkt var fyrir tveimur árum. Þar eru sett fram háleit markmið til fimm ára. Vel hefur gengið að fylgja eftir verkáætlunum og tekjur stofnunarinnar hafa aldrei verið meiri. Fyrir þetta er öllum þakkað sem lagt hafa sitt af mörkum.

Stofnunin flutti í nýtt húsnæði í safnaðarheimili Grensáskirkju í byrjun febrúar. Húsnæðið er rúmgott og hentar starfsemi afskaplega vel. Kirkjuráð hefur ákveðið að láta stofnuninni húsnæðið í té henni að kostnaðarlausu. Það er gríðarlega mikill stuðningur við stofnunina. Auk þess veitir Kirkjuráð fé í rekstur stofnunarinnar. Fyrir þetta vil ég þakka af heilum huga. Það er bæn mín að Hjálparstarf kirkjunnar geti eflst og dafnað og sinnt skyldum sínum um ókomna framtíð.


Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri



Framfærsla umsækjenda – karlar



Framfærsla umsækjenda – konur



Innanlandsstarf Aðstoð við Íslendinga

Umsóknir og afgreiðsla

Á starfsárinu 2006-2007 afgreiddi Hjálparstarf kirkjunnar 3.139 umsóknir um aðstoð. Auk þeirra barst 41 umsókn sem ekki var samþykkt eða ekki sótt. Aðstoð fólst, auk ráðgjafar, að mestu í matargjöfum. Einnig fengu umsækjendur gefins fatnað, aðstoð við lyfjakaup, kaup á innbúi, aðstoð vegna náms og annars. Hjálparstarfið starfar á landsvísi eins og sannast á því hvaðan umsóknir koma. Sótt var um aðstoð frá 63 sveitarfélögum. Vakin er athygli á því að um fjölda umsókna er að ræða en ekki fjölda umsækjenda. Þeir voru 1.956 og kom því hver að meðaltali í 1,6 skipti. 600 þeirra voru að leita eftir aðstoð í fyrsta sinn. Í ár hélt sú þróun áfram sem vart varð á síðasta starfsári að umsóknum fylgjaði úr minni sveitarfélögum. Bárust þó nokkrar umsóknir úr sveitarfélögum sem ekki hafði verið sótt um úr áður. Hefur sveitarfélögum á skrá hjá okkur fylgjaði úr 54 á síðasta starfsári upp í 63 á þessu starfsári.

Borið saman við árið 2005-2006, fylgjaði afgreiðslum um 8%. Voru þær 2.906 nú á móti 3.139, þ.e. aukning um 233 afgreiðslur. Umsækjendum fylgjaði einnig eða um 185 á milli ára – úr 1.771 í 1.956 umsækjendur. Þýðir það að hver einstaklingur kom í 1,6 skipti á móti 1,7 skiptum starfsárið á undan. Þessi aukning varð þó nær eingöngu í desember. Umsóknafjöldi yfir annan tíma ársins stóð nær því í stað. Í desember voru 1.647 umsóknir afgreiddar í samvinnu með Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur á móti 1.478 árið áður. Munar 169 umsóknum sem er um 11 % aukning á milli ára. Að desember frátöldum er því aðeins um 16 umsókna aukningu að ræða. Stærsti hluti umsækjenda kemur aðeins einu sinni en nokkur hópur nýtir sér þau þrjú skipti sem hver má koma yfir árið auk desemberúthlutunar. Einstaka fjölskyldur hafa eftir viðtal við félagsráðgjafa Hjálparstarfsins fengið samning um langtímaaðstoð. Það getur verið allt frá tveimur skiptum í mánuði, yfir ákveðinn tíma, eða einu sinni í mánuði í t.d. eitt ár. Á bak við hvern umsækjanda eru 2,4 einstaklingar, maki og/eða börn. Þannig nutu 4.695 manns aðstoðar sé fjöldi umsækjenda margfaldaður með meðalstærð fjölskyldu. Konur áttu 61% afgreiddra umsókna en karlar 39%. Konum heldur áfram að fjölga ár frá ári. Á starfsárinu áttu konur 59% umsókna.

Munur á fjölda umsókna eftir hverfum og sveitarfélögum

Hlutfall umsókna úr Reykjavík er það sama og árið áður eða 74 % af heildarumsóknum. Umsóknum úr Reykjavík hefur á undanförunum árum smám saman fækkað. Þegar einstök hverfi í Reykjavík eru skoðuð koma flestar umsóknir úr sömu hverfum ár eftir ár með minniháttar breytingum milli ára. Flestar umsóknir komu úr Breiðholti eða 633. Þeim fylgjaði frá því í fyrra úr 452. Í ár fækkaði þó umsóknum í hverfi 101 úr 454 í 380. Á sama tíma fylgjaði í hverfi 105 úr 385 í 414 umsóknir. Af einstökum stöðum utan Reykjavíkur, t.d. á Akureyri hefur umsóknum fylgjaði stöðugt undanfarin ár. Það sama hefur átt við um Kópavog en viðsnúningur varð á þessu starfsári og fækkaði umsóknum þaðan um 20%. Umsóknum frá Hafnarfirði og Reykjanesbæ fækkaði í fyrra en þeim fylgjaði aftur á þessu starfsári, sérstaklega frá Hafnarfirði. Fylgjaði þar frá 109 umsóknum á síðasta starfsári upp í 287 umsóknir á þessu starfsári. Er það mesta fjölgun úr einu bæjarfélagi en vakin er athygli á því að íbúum í þessum bæjarfélögum hefur fylgjaði verulega

undanfarin ár. Tvö önnur svæði vekja athygli, Vestfirðir og Austfirðir. Á Vestfirðum fjölgaði fjölskyldum sem sóttu um aðstoð úr 14 í fyrri í 39 nú. Þær voru úr átta sveitarfélögum á móti fimm árið áður. Á Austfirðum var aukningin svipuð eða frá 11 fjölskyldum sem sóttu um aðstoð í fyrri, í 31 á þessu ári. Þær bárust frá sjö sveitarfélögum á móti þremur árið áður. Miðað við atvinnuástand og fréttir af Vestfirðum kemur ekki á óvart að þaðan skuli meiri aðstoðar leitað enda kemur í ljós að umsóknir þaðan eru fyrst og fremst frá öryrkjum og láglaunfólki með mörg börn. Aukning á Austfirðum er við fyrstu sýn mikið á skjön við þann uppgang og hagvöxt sem þar mælist. Við athugun kemur þó í ljós að nánast allar umsóknirnar eru frá konum, einstæðum mæðrum sem vinna láglaunastörf. Betri tíð á Austfirðum hefur því ekki náð til þeirra.

Ástæður umsókna


Orsakir þess að fólk leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar eru marþættar og nánast alltaf samspil nokkurra þátta. Það geta t.d. verið lág laun eða bætur og há húsaleiga eða veikindi með miklum læknis- og lyfjakostnaði. Sjálfir nefna umsækjendur oftast lág laun sem aðalástæðu þess að þeir leita til Hjálparstarfsins. Karlar gáfu það upp í 48% tilfella á móti 35% tilfella hjá konum. Konur skulduðu meira en karlar en 30% kvenna sem komu gáfu upp skuldir sem aðalástæðu fyrir báguum fjárhag á móti 19% karla. Karlar gáfu upp veikindi í 8% tilfella á móti 9% kvenna sem aðalástæðu þess að leita aðstoðar.

Öryrkjar fjölmennasti hópur umsækjenda


Eins og á síðasta starfsári eru öryrkjar um 60% umsækjenda. 62% karla eru öryrkjar og 58% kvennanna sem er svipað hlutfall og á síðasta starfsári. Í raun er nánast engin breyting á tegund framfærslu þeirra sem leita til Hjálparstarfsins á milli starfsára. Eins og fram kom að framan hefur umsækjendum fækkað úr hverfi 101. Er þessi fækkun nær eingöngu á síðari hluta starfsársins eða frá janúar. Skýringuna á því má fyrst og fremst rekja til þess að Hjálparstarfið flutti úr miðbæ Reykjavíkur og í Grensáskirkju við Háaleitisbraut. Það er ljóst að sá hópur sem býr eða dvelur í miðbænum, og þá fyrst og fremst þeir sem búa á götunni eða herbergjum koma ekki eins mikið á nýja staðinn. Þessi hópur á ekki fyrir strætó og gönguferðin virðist vera of löng. Hluti hópsins fær úrlausn hjá Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur eftir að starfsemi hennar flutti í Hátún og nefndin fór að aðstoða alla sem þurfa aðstoð, ekki eingöngu mæður.

Um síðustu jól styrkti Bónus jólaúthlutunina með mjög myndarlegu framlagi eins og árið áður. Þá deildu Hjálparstarfið og Mæðrastyksnefnd út kortum en einnig Öryrkjabandalagið sem sendi öllum öryrkjum sem leigja íbúðir á vegum bandalagsins úttektarkort í Bónus, óháð því hvort þeir hefðu sótt um eða ekki. Reyndust sumir þeirra ekki telja sig þurfa stuðninginn. Því var ákveðið nú að öllu framlagi Bónuss skyldi varið í gegnum Hjálparstarfið og Mæðrastyksnefnd og eingöngu til þeirra sem sæktu um. Þrátt fyrir þessa breytingu fjölgaði öryrkjum í umsækjendahópnum ekki á milli ára. Þeir fáu sem bættust við voru úr hópi þeirra sem bjuggu í íbúðum Öryrkjabandalagsins í Hátúni og höfðu fengið Bónus-kort send heim í gegnum ÖBF í fyrri skipti sem Bónus veitti þennan stuðning.

Ástæður umsókna – karlar



Ástæður umsókna – konur



Samvinna og styrkir

Jólaaðstoð með Mæðrastyrksnefnd og RRKÍ – sjálfbóðaliðar



Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur tóku höndum saman fyrir síðustu jólin um jólaúthlutun með góðum stuðningi frá Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands. Eru þetta önnur jólin með þessu fyrirkomulagi. Má segja að allir aðilar að samstarfinu hafi verið sáttir og er góður vilji fyrir framhaldi á því. Umsækjendur gátu sótt um hjá hvorum aðilanum sem var, meðan umsóknartími stóð, en úthlutun var sameiginleg, síðustu vikuna fyrir jólin. Deilt var út hátíðarmat og jólagjöfum, og allir fengu Bónuskort til að versla fyrir í verslunum Bónuss um land allt. Margir sjálfbóðaliðar lögðu starfinu lið. Þeir komu frá Reykjavíkurdéild RRKÍ, ungliðahreyfingum stjórnmalaflokka, velunnarar beggja samtakanna komu, svo og skátar og hópar úr unglíngastarfi kirkna. Unnu þessi ungmenni frábært starf og gáfu fullorðnum sjálfbóðaliðum ekkert eftir. Margir starfandi félagsráðgjafar lögðu lið og kynntust um leið aðstoð sem þeir vísa skjólstaðingum sínum gjarnan á. Sérstaklega var ánægjulegt hvað birgjar og fyrirtæki studdu jólaaðstöðina vel og hve jákvæðir þeir voru vegna þessa samstarfs.

Málþing um heimilislausu

Að málþingi um stöðu heimilislausra stóðu auk Hjálparstarfs kirkjunnar, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Samhjálp og Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands. Þessir aðilar hafa allir komið að málefnum heimilislausra og ákváðu nú að stilla saman strengi. Ráðist var í að kortleggja þjónustu og úrræði sem fyrir væru. Á málþinginu voru stigin fyrstu skref í þessari vinnu og var það álit þeirra fjölmörgu sem sóttu þingið að vel hefði tekist til. Ákveðið var að halda áfram næsta vetur með morgunverðarfundum þar sem fjallað verður um ákveðin þemu á hverjum fundi. Vonast er til að þannig verði betur hægt að taka á vanda heimilislausra.

Ýmsir styrkir

Velferðarsjóður barna á Íslandi gaf fé til þess að barnafjölskyldur gætu keypt föt og leikföng handa börnum sínum fyrir jólin. Samkaup studdi starfið með gjafakortum. Eignarhaldsfélag samvinnutrygginga, Reykjavíkurborg og Alþingi studdu innanlandsstarfið á ársgrundvelli.

Aldrei fyrr hafa jafnmargir, samtök, einstaklingar og fyrirtæki, beðið Hjálparstarfið um að hafa milligöngu um að miðla styrkjum til þeirra sem á þurfa að halda, og nú fyrir jólin. Var það gert og naut fólk og fjölskyldur um land allt, barnafjölskyldur, einstaklingar og ellilífeyrisþegar. Eins og undanfarin sumur fól Velferðarsjóður íslenskra barna Hjálparstarfinu að úthluta sumargjöfum til barna utan Reykjavíkur. Að vanda vekja þessar gjafir mikla gleði og ánægju, hvort sem börnin hafa valið að fara í sumarbúðir, á fótboltamót, til að kaupa hjól eða fara á eitthvert sumarnámskeið. Á haustin úthlutar Hjálparstarfið einnig styrkjum frá Velferðarsjóðnum. Eru þeir til að styrkja foreldra vegna útgjalda í skólabyrjun. Sorpa studdi starfið myndarlega með fjármunum og með úttekt í Góða hirðinum. Sorpa veitti kærkomið framlag í Framtíðarsjóð Hjálpastarfsins. Hann var stofnaður til að hjálpa íslenskum ungmennum á aldrinum 16-20 ára sem koma úr efnalitlum fjölskyldum, til að ljúka námi sem veitir starfsréttindi eða inngöngu í lánshæft nám. Fleiri lögðu til fjármuni í

Framtíðarsjóðinn s.s. Velferðarsjóður íslenskra barna og Landsbankinn og stór framlög bárust frá einstaklingum. Fyrir vikið hefur tekist að koma á fót myndarlegum sjóði sem styður ungmenni sem annars ættu á hættu á að flosna úr skóla vegna fjárhagsvanda. Á Akureyri og í nágrenni byggðum fór fram söfnun á vegum útvarpsstöðvarinnar voice.is. Söfnuðust yfir fjórar milljónir króna sem voru nýttar í jólaaðstoð á Norðurlandi og áframhaldandi stuðnings á því svæði.

Félagsráðgjafarnemi í starfsþjálfun

Eins og nokkur undanfarin ár hefur Hjálparstarf kirkjunnar tekið félagsráðgjafa á fjórða ári í starfsþjálfun. Er um að ræða fjögurra mánaða tímabil. Neminn vinnur við hlið félagsráðgjafa og einnig sjálfstætt að rannsókn eða úttekt á ákveðnum starfsþætti innanlandsstarfsins, undir handleiðslu félagsráðgjafans. Hrönn Ljótsdóttir fyllti þessa stöðu í ár. Verkefni hennar var rannsóknarskýrsla um þau úrræði sem innanlandsstarf Hjálparstarfs kirkjunnar byggist á. Markmið verkefnisins var að kortleggja og skrá öll úrræði stofnunarinnar, tilurð sjóða sem hún sækir í og þær reglur sem farið er eftir við úthlutun. Um leið eru skjalfestir samstarfsaðilar Hjálparstarfs kirkjunnar um aðstoð innanlands.

Annað innlent starf

Aðalfundur og fulltrúaráðsfundur

Aðal- og fulltrúaráðsfundur sitja kjörnir fulltrúar prófastsdæma, kirkjuráðs og prestakalla. Á aðalfundi í Grensáskirkju 9. september var Þorsteinn Pálsson, nýr fulltrúi kirkjuráðs, kosinn formaður stjórnar. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa sagði Antti Pentikainen framkvæmdastjóri Hjálparstarfs finnsku kirkjunnar frá fyrirkomulagi sem gildir um fjárstuðning þróunarsamvinnustofnunar Finna við frjáls félagasamtök. Þau mál brenna á Hjálparstarfinu hér heima. Fulltrúaráðsfundur var haldinn í Grensáskirkju 17. mars en nýtt húsnæði Hjálparstarfsins er í kjallara kirkjunnar. Kirkjuráð styrkir starfið með því að greiða leigu, hita og rafmagn. Farið var yfir verkefnaáætlun ársins. Lilja Pétursdóttir sagði frá ferð sinni á þing Changemaker í Noregi og Halldór Reynisson frá ferð með hóp til Indlands. Þátttakandi í henni, Kristján Ingi Einarsson, hélt svo ljósmyndasýningu með myndum úr ferðinni í tengslum við páskaöfnun stofnunarinnar fyrir menntun á Indlandi.

Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið með öðrum félagasamtökum að sameiginlegum hagsmunum. Stofnunin átti frumkvæði að því að stofnaður var formlegur samstarfsvettvangur félaga og stofana sem vinna að þróunarmálum. Að honum koma auk Hjálparstarfsins: ABC-barnahjálp, Barnaheill, Kristniboðssambandið, SOS-barnaþorp, UNICEF og UNIFEM. Hjálparstarfið fór með formennsku í vetur en hún færir árlaga milli félaga. Hjálparstarfið stóð að árlegum fundi APRODEV, samtaka evrópskra, kirkjulegra hjálparstofnana sem vinna að þróunarmálum með því að hafa áhrif á ákvarðanir Evrópusambandsins. Árlega funda hjálparstofnanir kirkna á Norðurlöndum og var fundurinn nú haldinn á Íslandi.

Þróunarstarf

Indland – Mannréttindasamtökin

Social Action Movement

Hjálparstarfið vinnur að tvíhliða þróunarverkefnum með tvennum indverskum samtökum. Í Tamil Nadu-fylki eru það mannréttindasamtökin Social Action Movement (SAM) sem berjast fyrir mannréttindum og vinnuréttindum stéttlausra. Samtökin styðja börn þeirra til náms á öllum skólastigum og vinna gegn skuldaánað barna. Hin samtökin eru Sameinaða indverska kirkjan (United Christian Church of India, UCCI) í Andhra Pradesh og reka þau skóla, heimavistir og spítala sem Hjálparstarfið hefur stutt.

Forskólar SAM

Hjálparstarfið kostaði á árinu rekstur 7 forskóla á vegum SAM fyrir stéttlaus börn á aldrinum 3-5 ára. Hlutverk þeirra er að vekja áhuga barnanna á því að læra og fara í almenna skóla. Þau heltast oft úr námi vegna fátæktar og fordóma og því mikilvægt að þau fái örvun og hvatningu og læri á reglulega skólagöngu áður en kemur að formlegu grunnskólanámi. 104 börn sóttu þessa skóla í vetur. 24 fóru úr hópnum í almenna skóla en 27 ný komu inn. Börnin

læra bæði á tamil og ensku og lögð er áhersla á nám í gegnum leik.

Börnin fá eina máltíð á dag í skólanum og vítamín. Væru þau heima er líklegast að þau fengju ekkert fyrir en að kvöldi því þau eru oft ein heima meðan foreldrarnir vinna í steinnámum, við að búa til múrsteina, á sykurreyrökrunum eða við þvotta. Börnin eru bólusett á vegum forskólanna sem eiga samstarf við nærliggjandi heilsugæslustöðvar. Að kenna börnunum hreinlæti er stór þáttur í starfinu. Kennarafundir eru haldnir mánaðarlega og fer þá starfsmaður SAM yfir skrár sem kennarar halda um framgang hvers barns. Mánaðarlega eru einnig haldnir fundir með foreldrum þar sem kennarar fara yfir málin og er starfsmaður SAM með á þeim fundum. Foreldra þarf stöðugt að brýna í ásetningi sínum að halda börnunum í skóla. Þeir eru hvattir til að stofna sjálfs-



hjálpahópa sem leggja fyrir peninga til að standa straum af ýmsu sem getur komið upp á. Slíkur vandi er annars vanalega leystur með því að setja eitthvert barnanna í vinnu gegn láni frá vinnuveitanda. Börnin fá skólabúninga í forskólunum. Forskólarnir eru búnir kennslugögnum og leikföngum sem laða börnin að skólanum. Í vetur var unnið að endurbótum á byggingum sem kennt er í, hurðir lagaðar og þök svo nú er hægt að læsa tryggilega. Eldhús voru byggð við alla skólana en áður var eldað undir beru lofti. Nýju eldhúsin auka á hreinlæti við matargerðina. Einn nýr skóli var byggður en starfsemi mun hefjast á næsta starfsári.

Kvöldskólar

Hjálparstarfið styður 9 kvöldskóla fyrir þrælaborð. Fjórir þeirra voru opnaðir í október á þessu starfsári og eru þeir ætlaðir börnum af Tsunami-svæðunum í tengslum við uppbyggingu eftir flóðin. Haft var upp á 57 nýjum börnum til þess að hjálpa við að losna úr skuldaánað. Þau unnu á vefstofum, í grjótnámum, á veitingastöðum, við leirkeramframleiðslu og á verkstæðum ýmiskonar. Hafa þarf samband við alla foreldra og fara í gegnum mál hvers barns. Foreldrar og börn fá fræðslu um lög sem brotin eru á þeim s.s. barnaverndarlög, lög um skólaskyldu og vinnulögjóf. Foreldrar fá fræðslu um gildi

menntunar svo þeir standi við að halda börnum sínum frá skuldavinnu. Börnin þurfa hvatningu því þau er oft smeyk við að fara í skóla, vera orðin þetta gömul en kunna e.t.v. ekki að lesa eða skrifa. Í kvöldskólunum er þeim komið á rétt ról svo þau geti farið inn í bekk í sínum aldurs-
hópi. Kvöldskólana sækja börn sem verið er að búa undir að fara í skóla en líka þau sem ganga í almenna skóla en vilja fá stuðning. Er þetta leið SAM til að stemma stigu við miklu brottfalli stéttlausra nemenda úr almennum skólum. 342 börn sóttu kvöldskólana í vetur. Þar fær hver og einn þá athygli sem honum er nauðsynleg en hópkennd einkennir almennum skólana þar sem aðalmarkmiðið er að komast yfir námsefnið frekar en að tryggja árangur hvers og eins. Kennarar hjá SAM heimsækja reglulega börnin sem komin eru í skóla og hitta kennara þeirra. Börnin finna þennan stuðning og þetta skilar sér í minna brottfalli. Hætti börnin í skólanum eru þau og foreldrarir heimsótt og yfirleitt ekki hætt fyrir en börnin eru komin aftur í skólann.



Eldri nemendum er boðið upp á tölvu-, vélritunar- eða saumakennslu sem auðveldar þeim að fá vinnu. Í 10. bekk eru samræmd próf og stendur SAM fyrir stuðningskennslu fyrir þá nemendur. Kennarar úr góðum skólum eru fengnir til hennar og héldu þeir æfingapróf. 60 nemendur nýttu sér þetta í vetur. Foreldrar og stundum eldri systkini fá kennslu og þjálfun í handverki ofl. til þess að geta betur séð fyrir sér.

SAM stóð fyrir 8 menningartengdum viðburðum þar sem börn úr kvöldskólum og önnur þrælaborn koma saman, læra söngva, búa til leikrit og fleira sem allt hefur þann boðskap að hvetja til þess að fara í skóla og stunda hann. Foreldrar barna í þessum hópi hittust tvisvar í mánuði, fengu upplýsingar um árangur barna sinna og einnig ráðgjöf um ýmsa aðstoð sem þeir gátu sjálfir sótt um frá ríki eða sveitarfélagi. Á degi barnsins, 18. nóvember, hélt SAM hátíð með frekari baráttu gegn barnaþrælkun. Börnin sáu um innihaldsrík skemmtiatriði, keppt var í ýmsu og fulltrúi stjórnvalda á staðnum veitti verðlaun. Samin var krafa fyrir hönd samkomunnar um að stjórnvöld færðu að lögum um barnavinnu.

Barnaþing

Samhliða kvöldskólunum rekur SAM fjölda barnaþinga. Þar eru núverandi og fyrrverandi þrælaborn og önnur fátæk börn þjálfuð í að nýta sér lýðræðislegar leiðir til að ná fram breytingum á kjörum sínum. 526 börn voru skráð í þetta verkefni í vetur. Þetta eru sýndarþing en börnin ræða og flytja mál sem snerta aðstæður þeirra s.s. lýsingu á götum þar sem þau búa eða þurfa að fara um, aðgang að hreinu vatni, rusl og mykju á götum og skólamáltíðir. Börnin þjálfast í að bera upp mál og leita réttar síns, verið er að þjálfra framtíðarleiðtoga. Þau geta örugg og óhrædd staðið fyrir framan embættismenn, borið upp og rökstutt erindi sín. Ein af ákvörðunum slíks þings var að minnast bruna sem varð 94 börnum að bana með því að planta trjám á nokkrum völdum grunnskólalóðum. 500 börn og aðstandendur plöntuðu trjánum en fulltrúar stjórnvalda tóku við þessum virðingavotti.



Opinn háskóli

SAM rekur opinn háskóla sem er viðurkenndur af hinu opinbera. Hann sóttu í vetur 96 nemendur. 56 voru á eins árs tæknibraut og 37 á þriggja ára bóknámsbraut. Á tæknibraut er kennd vélritun, klæðskurður og tölvuvinnsla. Markhópurinn er þeir sem hafa lokið 10. bekk eða 12. bekk, nemendur sem hafa hætt námi á einhverju stigi, ungmenni úr sveit, konur úr sveit og ómenntaðir einstaklingar úr nágrenninu, á öllum aldri. Flestir eru fyrstir í sinni fjölskyldu til að stunda nám. Stéttarfélag sem SAM hefur stofnað fyrir starfsstéttir dalíta standa að skólanum með SAM. Í gegnum stéttarfélögin hafa foreldrar fengið fræðslu um mikilvægi menntunar. Þeir styðja skólann með litlu framlagi og hvetja börn sín til að stunda nám. Kjörorð skólans eru aðgengi, sveigjanleiki í námsefni og kennsluáferðum, hagkvæmni í rekstri og jöfn tækifæri. Áhersla er á talaða ensku, bókmenntaklúbbar á ensku og tamíl eru starfandi svo og klúbbur um viðskiptamál. Nemendur geta tekið ökuþróf í gegnum skólann og ýmsar upptökur eru yfir veturinn bæði til skemmtunar og fræðslu s.s. vettvangsferðir, íþróttamót, kynningar á ýmsu eins og kortavíðskiptum og fleiru. Í skólanum er mikil áhersla á sjálfsrækt; að glíma við mistök, einsemd, ótta, að efla sjálfsmynd, leiðtogaþæfileika og færni til hópunnar, að kenna námstækni, veita undirbúning og æfingu í að taka próf, ráðlagt er um starfsval og nemendur æfðir í að sækja um vinnu. Samvinna er við fyrirtæki í héraðinu þannig að þau útvegi kennslu í greinum sem myndu þjálfar nemendur til vinnu hjá þeim og bjóða um leið störf við fyrirtækin. Kennarar fá reglulega tækifæri til að bæta við menntun sína.

Verkalýðsbarátta SAM-samtakanna – nýr samningur við Eflingu

Efling – stéttarfélag studdi á árinu verkalýðsstarfsemi mannréttindasamtakanna Social Action Movement. Það er stór hluti af starfi SAM að fræða verkafólk úr hópi stéttlausra um réttindi þeirra og þá möguleika sem opnast með samtakamættinum. Mörg verkalýðsfélög þeirra eru nú virk. Stór ávinningur af því að vera í stéttarfélagi er sá að þá fá félagar aðgang að opinberum tryggingasjóðum. Þeir hafa fengið aðstoð við að stofna eða skrá sig í eldri félög á vegum SAM og fyrir marga voru fyrstu félagsgjöldin greidd á árinu svo þeir yrðu fullgildir félagar. Efling – stéttarfélag og Hjálparstarf kirkjunnar hafa nú gert með sér nýjan samning til tveggja ára eða fram í mars 2009. Haldið verður áfram á sömu braut og hingað til; að efla vitund stéttlausra Indverja, ekki síst kvenna, um félagsleg, menningarleg og stjórnmálaleg réttindi þeirra. Verður það gert með margvíslegri fræðslu og með því að styrkja stofnun og starf réttindasamtaka þeirra. Einnig verða félög stéttlausra aðstoðuð við að reka smálánastarfsemi sem lið í því að styrkja frumkvæði og framkvæmdasemi fólksins til að afla öruggari tekna. Samstarfið við Eflingu – stéttarfélag hefur tengt fólk ólíkra þjóða með sömu hagsmuni og verið Indverjunum mikil hvatning. Væri óskandi að fleiri stéttarfélag eins og Efling miðluðu þannig til þeirra sem eiga lengri baráttu fyrir höndum.

Af starfi með stuðningi Eflingar

Í lok ágúst var stéttarfélag daglaunamanna, Dr. Ambedkar Unorganised Labourers Welfare Union stofnað við hátíðlega athöfn. Félagar eru rúmlega 1000 með 11 manna stjórn. Enn á eftir að skrá síðustu félagana inn í opinbert tryggingakerfi sem aðeins félagsbundnu fólki gefst kostur á. Eldri félagar voru

skráðir í gegnum eldri félög en beðið er eftir skráningarnúmeri á nýja félagið til að skrá síðustu félagana. Auk þess standa gjöld í félagið undir ákveðnum tryggingum til félagsmanna. Á vegum félagsins er veitt lögfræðiráðgjöf og fræðsla auk þess sem starfsmenn SAM veita mikinn stuðning meðan starfsemi stéttarfélagsins er að komast í gang og félagsmenn að læra á hana. Tilgangur félagsins er að sameina kúgað fólk sem hefur starfað utan félaga í þorpum og smábæjum, vekja félags- og efnahagslega vitund þess og veita hvatningu til að ganga í félagið og starfa að baráttumálum. Einnig er markmið stéttarfélagsins að reyna að leysa féлага undan oki örbirgðar og ólæsis með því að hjálpa þeim að ná rétti sínum.

Í september og október voru þrjú hvatningarnámskeið haldin fyrir féлага í þremur stéttarfélögum; félagi kvenna, þvottafólks og fólks af frumbyggjaættum (tribals). Verið var að fræða nýja meðlimi en einnig farið yfir vanda hvers hóps og tekið á þeim málum sérstaklega. Þvottafólk er t.d. hvatt til þess að taka ekki mat sem vinnulaun og allir hvattir til að nýta sér fræðslu og aðstoð stéttarfélagsins til að finna sér önnur störf en þau sem hefðin hefur úthlutað stétt þeirra. Lögð er áhersla á að félagsmenn láti börn sín ljúka í það minnsta grunnskólanámi. Málefni eru óteljandi. Eitt námskeið var haldið fyrir leiðtoga stéttarfélaganna. Rætt var um mismunandi stjórnunarstíl, farið var í samfélagsgerðina á Indlandi og þátt trúarbragða í stéttaskiptingunni; Greindir voru mismunandi þjóðfélagshópar; ríkir/fátækir, efri stéttir/lágstéttir, karlar/konur og eigendur/launamenn, og hvernig einn hópurinn kúgar hinn. 80 félagar úr stéttarfélögum sem SAM hefur staðið að, buðu sig fram í sveitarstjórnarkosningum. Kosnið er í stjórn ríkis, fylkis og sveitar eða „panchayat“ og voru kosningar til þess síðastnefnda í október. Farið var yfir kosningaferlið, allar reglur þar að lútandi og hvernig haga ætti kosningabaráttu. SAM hét stuðningi sínum í öllu ferlinu. Þessi þáttur í starfi SAM er gríðarlega mikilvægur enda markmið SAM að efla fólk til að berjast sjálft fyrir réttindum sínum.

Í nóvember var haldið námskeið fyrir nýjar konur í stéttarfélagi kvenna. Farið var í stöðu kvenna í samfélaginu, frætt um lög sem snerta giftingu ungra stúlkna, heimanmund og fleira sem íþyngir konum og foreldrum stúlkna. Námskeið um aðgerðir til að bæta efnahag sinn var haldið fyrir 15 áhugasama úr hverju stéttarfélagi. Vegna félagslegrar stöðu stéttleysingjanna var mikið rætt um mikilvægi sjálfsmats og komu tveir úr þeirra hópi sem náð höfðu árangri til að segja frá reynslu sinni. Skipt var í hópa og vann hver og einn hugmynd að tekjuöflun. Námskeið var haldið fyrir þá 28 sem buðu sig fram og hlutu kosningu til sveitarstjórnar. Farið var yfir helstu verkefni sem væru á könnu sveitarfélaga, helstu tekjustofna og hvernig væri haldið utan um bókhald. Farið var yfir spillingu í opinberum störfum og nauðsyn þess að standa undir trausti kjósenda. Brýnt var fyrir frambjóðendum að hlutverk leiðtoganna væri líka að opna kerfið fyrir kjósendum og því þyrftu þeir að þekkja vel til allra lausna sem hið opinbera býði almenningi upp á. Í nóvember var lokið við að skrá alla féлага í nýja stéttarfélagið, Dr. Ambedkar Unorganised Labourers Welfare Union, en beðið var eftir skráningarnúmeri frá yfirvöldum.



Í desember var haldið námskeið fyrir 23 ungmenni úr stéttarfélagi afkomenda frumbyggja (tribals) sem öll höfðu lokið grunnskólamenntun. M.a. var farið í hvernig ætti að nálgast opinbera starfsmenn með ýmis erindi, skrifa umsóknir um ýmsa styrki, hvernig embættismannakerfið væri uppbyggt og loks í samfélagssgerðina, uppruna stéttakerfisins ofl. Á leiðtoganámskeiði fyrir félagi í stéttarfélagi kvenna, þvottafólks og afkomenda frumbyggja voru 26 þátttakendur. Markmiðið var að efla leiðtogaþæfileika þeirra og hvetja þá til að taka frumkvæði, fræða þá um samfélagið, söguna og landið og efla þá í ræðulist og skrifum.

Hlé varð á verkefninu fram í mars en þá tók við nýtt samningstímabil sem fellur að bókhaldsári SAM-samtakanna og sagt verður frá í næstu skýrslu.

Indland – Sameinaða indverska kirkjan

Skólar og heimavist

Sameinaða indverska kirkjan (United Christian Church of India, UCCI) í Andhra Pradesh á Indlandi rekur umfangsmikið skólastarf og spítala sem Hjálparstarfið hefur stutt auk annarrar starfsemi. Þar eru þau fósturbörn sem

landsmenn styrkja til náms. Líttill spítali er rekinn við höfuðstöðvar samtakanna fyrir fátæka í héraðinu. Læknir og hjúkrunarfólk fer reglulega út í nærliggjandi þorp til þess að sinna fólki sem kemst ekki á staðinn. Skólabörnin eru undir eftirliti á spítalanum og njóta þjónustu þaðan verði þau veik. Hjálparstarfið studdi rekstur spítalans með 3.000 dollara framlagi í ár.

Fósturforeldrar styðja nú 431 barn til náms í gegnum UCCI. 374 þeirra eru í grunnskóla en 57 eru komin í framhaldsskóla eða stunda háskólanám. Af grunn- og framhaldsskólanemendum eru 324 á heimavist en 50 búa í nágrenninu en sækja kennsluna á daginn.

Í 7. og 10. bekk eru samræmd próf en skólar UCCI eru viðurkenndir og fylgja námsskrá fylkisins. Allir 7. bekkingar eða 70 nemendur í allt stóðust prófin. 10. bekkingar sem þreyttu prófin voru 80. Áhersla er lögð á að styðja vel nemendur í 6. og 7. bekk til þess að halda þessum góða árangri. Við lok 10. bekkjar er nemendum veitt námsráðgjöf. Mikill áhugi er hjá þeim að velja sér menntun sem leiðir til góðra starfa svo þau geti séð vel fyrir sér.

Venjulegur dagur í lífi heimavistarbarna hefst kl. 5.

Eftir morgunbænir og snyrtingu fara þau í heimanámstíma í eina og hálf klukkustund. Síðan er morgunmatur en vel er hugað að samsetningu matar og að börnin fái öll nauðsynleg næringarefni. Þau eru öll vannærð þegar þau koma inn í skólann. Kl. 9:45 hefst svo kennslan og stendur til kl. 16 með klukkutíma matarhléi. Kl. 16 er hressing, þau leika sér, þvo fötin sín eða annað. Að loknu klukkustundar heimanámi er svo kvöldverður og kvöldbænir og kl. 21:00 eru ljósin slökkt.

Fyrir fjármuni frá Íslandi hefur verið unnið að viðgerðum og endurbótum á húsnæði skólans bæði varðandi múr, pípu- og raflagnir og tréverk. Húsin voru máluð að utan. Nýtt eldhús var reist og nýr brunnur grafinn. Húsgögn



voru keypt s.s. skólabekkir, nýjar rúmdýnur ofl., kennslutæki endurnýjuð og börnin fengu ný fót, skólatöskur, fötur til þvotta og diska. Farið var í skólaferðalag til Amaravathi til að sjá þar ýmsar sögulegar byggingar og ummerki. Ferðalögin eru oft þau fyrstu sem börnin fara í og veita þau þeim ómælda ánægju. Þau sjá svo margt nýtt, öðlast nýja reynslu, bara að fara í rútu og borða nesti á leiðinni verður þeim mikið gleðiefni. Þetta skilar sér í frjórri hugmyndaflugi t.d. í ritun og umræðum og sögukennslan fær innspýtingu. Börnin voru svo í sumarfríi í apríl og maí og byrjuðu aftur í fyrstu vikunni í júní.

Mósambík

Hjálparstarf kirkjunnar styður verkefni Lútherska heimssambandsins í Mósambík í fjórum sveitum í Tete-héraði. Það er eitt fjögurra starfssvæða Lútherska heimssambandsins í landinu. Sveitirnar sem Hjálparstarfið starfar í eru: Macanga, Maravía, Tsangano og Chifunde. Miðstöð starfsins er í Tete-borg. 70% Mósambík-búa lifa af einum dollar á dag sem teljast örbirgðarmörk og landið er í 168. sæti af 177 löndum á þróunarstuðli Sameinuðu þjóðanna. Verkefni Lútherska heimssambandsins er samþætt þróunarverkefni með fjögur meginmarkmið; 1) Að styrkja heimilin til fæðuöflunar, í baráttu fyrir mannréttindum, til heilsu og færni til að nýta náttúruna á sjálfbæran hátt. 2) Styðja samfélög til að draga úr HIV-smiti og áhrifum alnæmis. 3) Styrkja fólk til þess að leita réttar síns og fá aðstoð sem því ber frá yfirvöldum og til þess að taka þátt í ákvörðunum sem varða það. 4) Styrkja og efla færni starfsfólks samtakanna til þess að ná árangri í starfi.

Aukabúgreinar og ráð við ytri aðstæðum

Starfssvæði Lútherska heimssambandsins er víðfeðmt, víða fjallent og langt á milli bæja. Í suðurhluta landsins voru þurrkar og samtökin stóðu fyrir neyðaradstoð þar, deildu út mat, fræjum og útsæði. Í norðurhlutanum rigndi gríðarlega, vegir og brýr skemmdust svo að uppskera og jarðvegur sópaðist burt. Hvort tveggja hafði þetta áhrif á þróunarverkefni ársins. Eitt verkefnanna í Tete sneri að því að draga úr áhrifum þurrka og flóða með því að útvega fræ og kenna fólki að rækta matjurtir í litlum görðum. Voru flestir með skika í tveimur mismunandi hæðum ef flæða skyldi yfir annan. Matjurtir og þurrkaþolnari tegundir sem hafa komið inn með verkefninu, tryggja betur fæðuöryggi. Ávaxtatrájam hefur verið plantað, fyrir ávextina, og til að veita annarri uppskeru skugga og betri vaxtarskilyrði. Lútherska heimssambandið gerði fjölda sýnisgarða til að hvetja bændur. Námskeið voru haldin í að kenna fólki bíflugnarækt og þar með hunangsframleiðslu. Það skapar aukatekjur en sambandið útvegaði hluta af startpakka til ræktunarinnar. Margir bændur rækta eingöngu uppskeru til útflutnings s.s. tóbak og hafa fengið lágt verð fyrir. Nefndar viðbætur tryggja því betur fæðuöryggi þeirra og gefa þeim möguleika á aukatekjum.

Þjálfun og kynnisferðir

Stór hluti þróunaraðstoðar Lútherska heimssambandsins í Tete snýst um fræðslu og hvatningu svo fólk taki meira frumkvæði og öðlist meiri þekkingu til þess að bjarga sér. Samtökin hafa séð til þess að í þorpunum sé stofnuð þróunarnefnd sem þjálfuð er til að leiða alls kyns umbótastarf. Áður en til þess kom voru heimili heimsótt og fundir haldnir til þess að skýra hlutverk og

mikilvægi slíkra nefnda til að koma á breytingum. Haldin voru námskeið fyrir þorpsnefndir til að þróa leiðtogaþæfileika, færni í áætlanagerð, framkvæmd verkefna, útsjónarsemi í fjármálum og að meta árangur. Inn í þetta fléttast umhverfisvernd og kynjasjónarmið. Lögð er áhersla á að ná til kvenna og efla þær til þátttöku í ákvörðunum sem hafa áhrif á samfélagið. Farið var í 15 kynnisferðir til annarra svæða svo fólk gæti séð dæmi um það sem gæti komið að gagni hjá þeim. Námskeið og hvatningarfundir eru haldnir fyrir þróunarnefndir, íbúana og sérhópa s.s. konur, ekkjur og munaðarlaus börn. Námskeiðin hafa leitt til þess að íbúar hafa tekið sig saman um ýmis þarfaverk. T.d. hafa þeir reist stíflu fyrir áveitu, endurbætt vegi og brýr og byggt skólahús á eigin spýtur, án þess að bíða eftir aðstoð og framlagi hjálparstofnana.

Heilsufar

Heilsufar í starfshéruðum Hjálparstarfsins er ekki gott. Milli 20 og 50 km eru í næstu heilsugæslustöð. Lútherska heimssambandið hélt námskeið fyrir 1.012 heimili um grunnleiðir til að vernda heilsuna. Í því fólst fræðsla um persónulegt hreinlæti, hreinlæti í meðferð matar og þrif á og við heimilið. Ungliðar sem verkefnið hefur þjálfað unnu auk þess með stjórnvöldum að 115 námskeiðum í héruðunum um HIV/alnæmi. HIV-smit er að aukast, úr 8,2 % íbúa árið 1998 í 16,1% sem eru smitaðir og Mósambík hefur 10. hæstu tíðni HIV-smits í heiminum. Það er um 1,4 milljónir manna. Fólk í sveitum á erfitt með að komast til læknis, fara í próf og fá lyf. Á vegum verkefnisins er deilt út smokkum og fóru 22.000 smokkar á árinu til 2.500 manns. Hvatt er til þess að halda sig við einn maka, nota annars smokk og unglingar eru hvattir til þess að stunda ekki kynlíf fyrr en í föstu sambandi. Alnæmi er ekki lengur tabú, og sífellt fleiri vilja komast í alnæmispróf. Lútherska heimssambandið sér í því árangur af fræðslu sinni. Tilgangur hennar er þó fyrst og fremst að breyta hegðun og þar hefur aftur verið við rammari reipi að draga. Hún breytist hægt. Til að bregðast við því hefur fræðslunni verið breytt frá því að vera fyrir fjölda fólks í einu yfir í það að miða við einstök heimili sem þykir vænlegra til árangurs.

Munaðarlaus börn, ekkjur, langveikir og heimilisofbeldi

Í Tsangano-sveit voru unnin tvö verkefni til þess að hafa upp á munaðarlausum börnum en þeim fjölgar stöðugt. Tæplega 7.000 börnum var veitt efnisleg aðstoð s.s. með skólaföt og bækur, hreinlætispakka, notuð föt og teppi.



Í kjölfarið fóru fleiri munaðarlaus börn að sækja skóla. Langveikir einstaklingar á sama svæði fengu lyf og stuðning í sameiginlegu verkefni Lútherska heimssambandsins og stjórnvalda. Starfsmenn sambandsins fóru á 158 heimili til þeirra sem höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi og veittu stuðning og ráðgjöf. Ekkjur á svæðinu fengu aðstoð við að finna heppilegar leiðir til að auka tekjur sínar.

Næringu ábótavant

Næringarkexi var dreift til þeirra sem voru verst nærðir á svæðinu og varð munar vart, einkum hjá börnum. Lútherska heimssambandið gaf næringarkex og lækningartól á eina af heilsugæslustöðvunum í Maravía-héraði. Stöðina hafði vantað ýmis áhöld og fékk ráðið fram úr því með aðstoð sambandsins.

Menntun og fræðsla

Menntun og fræðsla er hluti af verkefni Lútherska heimssambandsins í þeim starfshéruðum sem Hjálparstarfið styður. Margir höfðu kvartað undan því að hafa misst af skólagöngu vegna borgarastríðsins og vildu bæta úr því. Margir fullorðnir vilja sækja skóla verði boðið upp á námsefni fyrir þá. Haldnir voru 15 fræðslufundir um mikilvægi menntunar sem náðu til 168 heimila. Í kjölfarið voru stofnaðir 10 fullorðinsfræðsluhópar. Þeir fengu kennslu í lestri og skrift samhliða fræðslu á einhverju hagnýtu sviði til að auka tekjur. Ólæsið gerir alla fræðslu erfiðari og mikið unnið þegar fólk finnur þörfina til læra hjá sjálfu sér. Sjö aðrir hópar fengu svo ýmsa aðstoð, t.d. fékk einn þeirra saumavél sem margar konur nýttu saman. Hóparnir leggja fyrir ákveðna upphæð sem þeir verja svo til umbóta í sínu umhverfi. Sjö námskeið fyrir 306 heimili voru haldin um mannréttindi og jafnrétti kynjanna. Árangur af þessu hefur sýnt sig í því að fleiri konur koma að ákvörðunum sem varða þorp þeirra eða sveit. Námskeið í rekstri voru haldin og aðstæður skapaðar til þess að fólk gæti tekið sig saman um rekstur til tekjuöflunar. Hafa sum þessara félaga verið skráð formlega. Stúlkunaskóli var styrktur með fatagjöfum og saumaefni ýmiskonar. Var það til þess að hafa ofan af fyrir stúlkunum í frítíma þeirra svo þær leiddust síður út á óæskilega braut. Helsta hættan er að þær giftist snemma og eignist börn of ungar. Stúlkurnar áttu frumkvæðið ásamt kennurum sínum að biðja um aðstoðina. Samstarfsaðilar okkar lögðu til fjármuni svo skólinn gæti komið sér upp matjurtagarði sem mun bæta kost nemenda og gefa einhverjar tekjur. Ákveðið hefur verið að styðja skólann í tvö ár.

Borholur

Þrjár borholur eftir vatni voru gerðar og fjórir brunnar frágengnir. Steypt voru 170 lok á kamra. Fólkið útvegaði allt byggingarefni og vann sjálfa vinnuna undir leiðsögn starfsfólks. Haldin voru námskeið fyrir vatnsnefndir í hverju þorpi þar sem brunnar voru grafnir.

Aðsteðjandi erfiðleikar

Helstu erfiðleikar sem við er að etja á starfsvæði Hjálparstarfsins í Mósambík er hversu víðfeðmt svæðið er og erfitt yfirferðar. Bílakostur sambandsins er úr sér genginn og viðgerðir kostuðu tafir. Opinberar heilsugæslustöðvar eru fáar sem t.d. gerir fólki erfiðara fyrir að fara í alnæmispróf. Veðurfar fer öfga á milli með þurrkum og flóðum. Vegna þess og stærðar landsins er erfitt að koma uppskeru á markað og fá peninga fyrir. Nokkrir styrktaraðilar Lútherska heimssambandsins í Mósambík hafa dregið sig út úr verkefninu og er Hjálparstarf kirkjunnar nú einn stærsti stuðningsaðilinn í Tete-héraði. Nálgun margra annarra hjálparstofnana á svæðinu gerir sambandinu erfitt fyrir þar sem þær krefjast ekki eins mikillar þátttöku fólksins sjálfs. Það dregur úr áhuga og framkvæmdavilja fólksins sem vill frekar fá hlutina upp í hendurnar. Verkefnið í Mósambík er samvinnuverkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Úganda

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur með Lútherska heimssambandinu í tveimur héruðum í Úganda, Rakaí og Sembabule. Þau eru á miklu þurrkasvæði sem hefur áhrif á ræktunarmöguleika og þar með fæðuöryggi. Aðgangur að vatni

til drykkjar og hreinlætis er erfiður. Í Rakaí hafa 34% íbúa aðgang að hreinu vatni í innan við 5 km fjarlægð frá heimili og 39% hafa þennan aðgang í Sembabule. HIV-smit er hærra en landsmeðaltal sem er 6,2%. Í Rakaí eru 9-12% íbúa smitaðir og 17,8 í Sembabule. U.þ.b. 10% barna í landinu hafa misst foreldra sína úr alnæmi.



Verkefni Hjálparstarfsins í Úganda ganga út á að sporna við útbreiðslu alnæmis og draga úr neikvæðum áhrifum þess á íbúa og samfélag. Markhópurinn eru þeir sem veikir eru, munadarlaus börn, ömmur með barnabörn á framfæri og aðrir sem standa sérlega höllum fæti. Í Rakaí hafa um 300 heimili foreldralausra barna fengið mikla aðstoð. Grunnur að henni eru heimsóknir þjálfara sjálfboðaliða úr sveitunum. Þeir veita leiðsögn, huggun og finna leiðir til þess að börnin geti framfleytt sér. Hver ráðgjafi heimsækir 5-6 heimili reglulega. Líf þeirra sem fá hjálp, tekur stakkaskiptum. Byggð eru hús og litlir eldaskálar fyrir þá sem teknir hafa verið inn í verkefnið. Þeir fá grunnhúsbúnað, teppi, moskítónet og vatnstanka við heimilin sem safna vatni af þakinu og dugar í 3 mánuði inn í þurrkatímann. Kamrar eru reistir og fræðsla um hreinlæti og smithættu fá allir sem taka þátt.

Rakaí

Á árinu 2006 voru reist sjö íbúðarhús í Rakaí í stað skorpinna moldarkofa og lélegra strákofa. Holur í moldarveggjunum eru kjörbyli skordýra sem bera með



sér sjúkdóma og húsin halda illa vatni og vindi. Nýju híbylin hafa þetta múrhúðaða vegg, glugga og læsanlegar dyr og bárujárnsþak. Þau skapa heilsusamlegri aðstæður, ekki síst fyrir alnæmissjúka með lamað ónæmiskerfi, og veita skjól fyrir veðri og óboðnum gestum. 14 vatnstankar voru settir upp en bárujárnsþakið gerir mögulegt að safna í þá vatni. Mun það hafa áhrif á brottfall úr skólum héraðsins en það hefur verið 35% á þurrkatímum vegna þess hve börn, einkum stúlkur, þurfa að fara langt eftir vatni.

Vegna þurrka, ekkert rigndi frá febrúar og fram í ágúst, þurfti að dreifa matvælum. 120 heimili munaðarlausra barna, 56 heimili alnæmissjúkra og 43 aðrar fjölskyldur fengu 4 tonn af maíshveiti og tvö tonn af baunum. 27 alnæmissjúkir sem voru á alnæmislyfjum fengu 750 kg af matvælum. Þannig var hungursneyð afstýrt í þessum hópi og þeir sem eru á lyfjum gátu fullnægt næringarþörf sinni sem er grundvöllur þess að þeir fái lyfjameðferð. Malaría er helsta dánarorsök barna yngri en 5 ára. Þess vegna var 166 moskítónetum sem búið er að verja með skordýraeitri deilt út. Einnig var 60 teppum og 400 flíkum dreift á 102 heimili barna og til 82 HIV-smitaðra og 54 fjölskyldumeðlima þeirra.

Verkefnið í Rakaí hófst árið 1995 og þar hafa verið stofnuð sjálfstæð samtök þeirra sem fengið hafa þjálfun og reynslu til að veita ráðgjöf í gegnum Lútherska heimssambandið. Samtökin eru skráð, og unnið er með þeim að því að gera áætlanir um áframhald verkefnisins, fjáröflun og annað en Lútherska heimssambandið sleppir af þeim hendinni árið 2008. Þetta er í samræmi við

markmið sambandsins að þjálfa fólk á staðnum til sjálfhjálpar og gera sambandið óþarft og laust til starfa annars staðar.

Sembabule

Verkefnið í Sembabule hófst árið 2004. Alnæmisnefnd Úganda og Lútherska kirkjan í landinu óskuðu eftir aðstoð enda ástandið slæmt í héraðinu. Lútherska heimssambandið mat aðstæður og ákvað að hefja þar samskonar verkefni og í Rakai. Í Sembabule búa 180.000 manns í 351 þorpi. Fá vatnsból eru í héraðinu og mikið um fen. Stíflur sem íbúar hafa reynt að reisa hrynja fljótt og árangur af viðleitni þeirra til að tryggja betur drykkjarvatn hefur verið lítill.

Á árinu 2006 voru reistir 16 vatnstankar sem safna vatni af húspökum og fimm hús hafa verið reist. Heilsufar hefur batnað hjá þeim sem fengið hafa hús og/eða vatn. Börn sem búa ein hafa sagt að þeim liði betur andlega eftir að þau komust í betra húsnæði og nú sækja skóla 66% barnanna sem fengu aðstoð, en áður voru það 55% þeirra. 44 heimili HIV-smitaðra/alnæmissjúkra fengur bárujárn á þakið hjá sér og 12 fengu hjól til að komast á markað og auðvelda tekjuöflun. 24 heimili munað- arlausra barna fengu líka bárujárnsþak. 125 heimili fengu moskítónet og fólk á 127 heimilum fékk föt og teppi. Þörfin í Sembabule er mjög mikil. Verkefnið í Úganda er samstarfsverkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar.



Saga Nyankazi Allen

Nyankazi Allen er 15 ára og er höfuð heimilisins. Hún bað sannarlega ekki um það og hún var að kikna undan álaginu þegar sjálfboðaliðar Lútherska heimssambandsins heim- sóttu hana og bræður hennar tvo. Foreldrar hennar dóu báðir árið 2005 og Allen tók að sér nauðug, viljug að sjá um þá Kamugisha Robert, 13 ára og Kukiriza Laban, 11 ára. Allt í einu varð hún ábyrg fyrir því að nóg væri til að borða, að öll ættu þau flík til að fara í, að vatnið væri sótt, eldiviði safnað, það væri eldað og reynt að halda áfram í skólanum. „Húsið okkar var með stráþaki með fullt af götum á veggjunum og það varð alltaf svo kalt á nóttunni. Þakið lak þegar var rigning og við vorum til skiptis með malaríu,” segir Allen. Hún hafði miklar áhyggjur af vatnsmálum fjölskyldunnar og varði miklum tíma í að ná í það á hverjum degi, enda um 6 km leið að fara – aðra leiðina. Eftir að systkinin komust í samband við verkefnið hafa þau fengið nýtt hús og vatnstank. Það sparar mikinn tíma og nú komast þau öll í skólann sem ekki var áður tími til að stunda. „Það komast færri flug- ur inn í nýja húsið og við fáum sjaldnar malaríu,” segir stelpa. „Og svo fengum við mosk- ítónet sem við sofum undir svo það breytir líka miklu.” Lútherska heimssambandið hefur líka útvegað þeim fræ svo þau geti ræktað matjurtir og þannig hafa þau meira að borða og fá fjölbreyttari næringu. Ráðgjafinn sem heimsækir þau reglulega hefur styrkt þau mikið eftir foreldramissinn. Hann sér um að útvega þeim það sem þau þurfa, jarðræktaráhöld, eldunaráhöld, stílabækur og ritföng ofl. Allen langar að fá geit og hænur og auka þannig tekjurnar.

Malaví

Samstarfsaðili Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví er þróunarstofnun Lúthersku kirkjunnar í landinu, Evangelical Lutheran Development Service. Verkefnið

snýst um vatnsöflun og vatnsnýtingu og studdi Hjálparstarfið verkefnið í þremur héruðum: Chikwawa, Phalombe og Dowa. Unnið var með um 670 heimilum yfir þriggja ára samningstímabil. Árið 2006 var síðasta ár þessa samnings og hefur nýr fjögurra ára samningur tekið við sem nær til ársins 2010. Að beiðni ELDS var ákveðið að Hjálparstarfið einbeitti sér eingöngu að Chikwawa-héraði næstu fjögur árin.

Heimili einstæðra mæðra, munaðarlausra barna og þeirra sem voru alnæmisjúkir hafa notið forgangs inni verkefnið. Starfssvæðin voru valin vegna þess að þurrkar höfðu haft þar sérlega slæm áhrif. Markmið verkefnisins voru sex: 1) Að ýta undir áveitur til þess að geta ræktað fleiri tegundir, 2) að nýta vatn til skepnuhalds og til að gera fiskiræktartjarnir, 3) að vernda vatnsauðlindina með því að fræða og þjálfá þorpsbúa í verndun og nýtingu auðlinda, 4) að gera brunna og kenna fólki að viðhalda þeim, 5) að fræða um hreinlæti og smit-hættu og nauðsyn þess að reisa og nota kamra og þvo hendur, 6) að auka hlut kvenna í ákvörðunum um ráðstöfun vatnsauðlindarinnar.

Áveitur og ræktun

Þremur áveitum var komið á fót á árinu og nutu þeirra 60 heimili. Með áveitunum gat fólk ræktað þrjár uppskerur yfir árið sem munaði miklu um fæðuöryggi. Í ár fengu 40 bændur máisfræ til að planta og fengu alls 120 bændur

þessa aðstoð á þriggja ára tímabili samningsins. Á árinu fengu 30 bændur 60 kg af hrísgrjónum til að planta. En vegna þurrka 2005 og einnig 2006 var vandasamt að finna þá sem höfðu góðar aðstæður á ökrum og nóg vatn til að rækta hrísgrjón. Því var ekki dreift eins miklu af hrísgrjónum og áætlað var. Gekk þó vel þar sem það var gert. Í allt fengu á samningstímanum aðeins 50 bændur 100 kg af hrísgrjónafræjum og 80 bændur voru þjálfaðir til þess að stunda hrísgrjónarækt en ekki 120 eins og áætlað var. Fyrir utan hve erfiðlega gekk að finna fátæka bændur sem áttu hentugt land til hrísgrjónaræktar gengu í gegn ný lög um landeign. Hefðbundnum þorpsleiðtogum sem vanalega hafa farið með landamál, finnst að nýju lögin grafi undan þeim. Þeir eru því mjög ósamvinnuþýðir sem hefur tafið verkefnið og gert framkvæmd þess erfiðari. Áburður var annar þáttur í verkefninu.

Dreifa átti 3000 kg af áburði jafnt á tímabilinu. Því var öllu dreift á fyrsta árinu vegna þess að bændur áttu ekki nóg af taði sem átti að koma á móti tilbúnum áburði. Á móti var gerð áætlun um að safna taði og lífrænum áburði til notkunar næstu tvö árin. Það gekk vel eftir. Tókst þannig að standa við áætlun fyrir tímabilið og varð uppskera nokkuð góð.

Fótstignar pumpur

Á þremur samningsárum sem lauk með árinu 2006 var komið á fót 92 fótstignum vatnspumpum til áveitna. 292 heimili nýttu pumpurnar, þrjú eða fleiri um hverja þeirra, og var matjurtaakri komið upp við hvert heimili. Stærð akra er allt að 2,5 hektörum. 125 heimilanna voru heimili einstæðra kvenna, á 97 þeirra fóru karlar fyrir og 70 voru heimili munaðarlausra barna. Fótstignar pumpur henta mjög vel smábændum með litla akra. Þær þurfa ekkert eldsneyti, eru einfaldar og ódýrar í viðhaldi og stytta til muna tímann sem fer í að vökva akrana. Fyrir vikið hafa margir getað stækkað akrana sína. Gegnum



Þessa vinnu hefur skilningur fólks á vatnsauðlindinni aukist. Með áveitunum getur fólk fengið tvær uppskerur á ári og eina eftir rigningar. Það hefur gert sér betur grein fyrir því hvernig þær aðferðir sem fátækt fólk á svæðinu hefur notað til að framfleyta sér, eyðileggja náttúruauðlindir. Kolagerð og að brenna múrsteina er það á meðal. Bjargráðum sem skaða umhverfið hefur fækkað með hjálp til nýrra tekjuleiða s.s. með áveitna og skepnuhalds.

Skepnuhald

Verkefnið snýst um að nýta vatn til þess að halda skepnur og auka þannig fæðufjölbreytni og afkomuöryggi. Malavískar geitur eru litlar, fjölga sér og vaxa hægt. Geitur í verkefninu eru því blanda af útlendri tegund til að auka stærð og vaxtarhraða. Geiturnar gefa prótín í kjöti og mjólk og tað til áburðar. Svipað gagn er að svínunum. Taðið er blandað lífrænum úrgangi og færir næringarefni aftur í þrautpíndan jarðveg. Hænum hefur líka verið dreift á heimilin og með aðfluttum hönum af öðrum stofni er reynt að auka varp hænanna. Þær gera fæðið fjölbreyttara og með sölu má afla tekna. Sama á við um fiskiræktartjarnir sem tryggja betur fæðuöryggi. 15 geitahús voru reist á árinu og 45 á samningstímabilinu. Var það umfram áætlun en það tókst að auka við verkefnið með ódýrari geitum sem keyptar voru beint af bændum frekar en í gegnum milliliði. Hægt var að kaupa 682 geitur sem deilt var á 300 heimili í stað 150 heimila. Á tímabilinu komu 800 kiðlingar undan þessum geitum og nutu þess 400 heimili.

Hver sem eignast geit eftir þessu kerfi verður að láta fyrsta kiðlinginn til annarrar fjölskyldu. Ráðgert hafði verið að deila út 50 svínunum á árinu en vegna tilmæla dýralæknis á svæðinu var dregið úr þessu og aðeins 60 svín fóru út á samningstímabilinu öllu (þremur árum) til 60 bændafjölskyldna. Ráðgert hafði verið að reisa 30 hæsnahús til sameiginlegra nota en vegna sjúkdóms sem kom upp í fiðurfé varð að draga saman seglin. Reist voru 15 hæsnahús á tímabilinu sem 190 bændafjölskyldur stóðu að. 580 hæsnunum var dreift, en ráðgert hafði verið að dreifa 400 hæsnunum á ári. Hæsnin voru bólusett og greitt var fyrir eftirlit dýralæknis. Engu að síður drapst megnið af þeim. Akurhænur reyndust seigari og var komið upp 39 húsum fyrir þær á tímabilinu þar af 13 á árinu. 400 fuglum var dreift á árinu og nutu þess 100 heimili. 10 fjölskyldur eru um eitt hæsnahús og í hverju þeirra eru 30 akurhænur og 10 hanar. Fyrstu ungarnir eru gefnir öðrum fjölskyldum og njóta þannig sífellt fleiri. Á tímabilinu fengu nærri 600 bændafjölskyldur tvær akurhænur hver. Sex fiskiræktartjarnir komust í gagnið sem var helmingi minna en ætlað var á tímabilinu vegna þurrka 2004 og 2005. 10 bændafjölskyldur voru um hverja tjörn þannig að 60 nutu árangurs af þessu verkefni og fengu viðeigandi þjálfun.

Trjárækt

Vel gekk að koma á fót gróðrarstöðvum en vel rigndi árið 2006. Þær urðu 10 á árinu og 30 á tímabilinu. Nóg var til að fræjum í sveitunum og vel gekk að deila út dúkum, rorum og vökvunargræjum. Bændur gátu skipulagt sig í tíma og vel gekk að fá fólk í vinnu. 100.000 trjáplöntur voru gróðursett til að binda vatn í jarðvegi, 300.000 stk. yfir tímabilið. Með fræðslu er meiri skil-



ingur á því hve miklu skiptir að halda í gróður og heimilisfólk á 1.500 heimilum gekk í verkið af krafti. Tókst með þessu að verja 35 hektara lands við vatnsból í nágrenni bæjarfélaganna. Konur og karlar eru virkjuð að jöfnu sem skilar sér í því að báðum finnst þau eiga í verkefninu og sinna því þess vegna betur. Bæði hafa væntingar sem hefur áhrif á árangur. Þannig jafnast einnig vinnuálag.

Brunnar

30 brunnar voru grafnir á tímabilinu, 10 árið 2006 og nutu þeirra í allt 3.500 fjölskyldur. 27 sjálfboðaliðar, karlar og konur, voru þjálfaðir á hverju ári sem verkefnið stóð, til þess að viðhalda brunnunum. Hvert þorp varð að leggja inn beiðni á skrifstofu samstarfsaðila Hjálparstarfsins, ELDS, til þess að tryggja að frumkvæðið kæmi frá fólkinu. Á þremur árum hafa 15 af þessum brunnnum skemmst eða eyðilagst vegna mikilla flóða eða þeir þornað í þurrkum. Í þurrkatilfellum hafa þorpsbúar grafið dýpra niður á grunnvatn allt að 18 metra. Svo brunnarnir virki er lögð mikil áhersla á að þjálfva vatnsnefnd til viðgerða og viðhalds. Nefndin þarf að afla fjár frá þorpsbúum til viðhaldsins og hafa alltaf tvo til þrjá til taks sem þjálfaðir eru í þessu. Um 30% nefndarmanna eru konur. Mikilvægt er að fá karla með í þetta verkefni af því að samkvæmt hefð er það kvennaverkefni að sækja vatn. Án fræðslu um mikilvægi vatns og hreinlætis hefðu þeir verið ófúsir til að hjálpa til við vatnsöflunina.

Hreinlæti

Í tengslum við vatnsöflunina voru gerðir 200 kamrar á tímabilinu í stað 450. Viðhorf fólks hamlaði framkvæmdum en gömul viðhorf og hjátrú komu þar inn í. Vaninn er að gera þarfir sínar úti við runna og óttuðust margir galdra ef farið væri að safna slíkum úrgangi á einn stað. Mörgum fannst að kamrar ættu að vera gerðir úr ódýrara efni en steypu. Steyptur pallur yfir gatinu sem hægt er að loka er þó talinn grundvallaratriði til þess að halda kömrum hreinum. Viðhorfsbreytingar eru oft erfiðasti hjallinn. Fólk er þó byrjað að tengja hreinlæti við betri heilsu og þar með betri möguleika til að sjá fyrir sér. Þar stefnir í rétta átt. En vegna þessa voru þó aðeins 23 þjálfaðir í að steypa pallana yfir kamrana í stað 45 á ári. Sóðaskapur að þessu leyti er stórhættulegur og sjúkdómar eins og kólera og niðurgangur eiga hvorir tveggja upptök í honum. Fólk deyr unnvörpum vegna smits, einkum börn yngri en 5 ára. Því er það stór þáttur í vatnsverkefninu að kenna fólki að halda sér og umhverfi sínu hreinu. Tekið er á frárennsli frá heimilum og komið upp stað þar sem öllum úrgangi er hent. Náttúruvernd kemur inn í nauðsyn þess að halda umhverfinu hreinu og öruggu. 30 kvennahópar fengu fræðslu um hreinlæti og smithættu á ári, þessi þrjú ár sem verkefnið stóð (90 hópar í heild). 90 konur voru þjálfaðar í þessu sama þannig að þær gætu kennt öðrum (270 í heild). 9 konur á tímabilinu fengu fræðslu um vatn, hreinlæti og hlutverk kynjanna í ráðstöfun vatnsauðlindarinnar.

Umhverfi

Umhverfisfræðsla í verkefninu hefur skilað sér í því að fólk skilur og getur útskýrt hvernig lífshættir þeirra stuðla að eyðingu. Fólkíð skilur hvernig það getur hlíft umhverfinu með því að tileinka sér skepnuhaldið, fiskiræktina og

annað sem boðið er upp á í verkefninu. Þannig getur það fallið frá tekjuöflun eins og að höggva við og búa til kol sem gengur hratt á umhverfið. Slíkar leiðir eru til komnar vegna fátæktar og hafa yfirleitt áhrif hver á aðra til að auka umhverfisspjöll. Með fræðslu og námskeiðum, ásamt því sem gert er í verkefnunum sjálfum, lærir fólk um auðlindir og hvernig þurfi að hlúa að þeim til þess að geta nýtt þær á sjálfbæran hátt.

Áhrif alnæmis

Þótt HIV-smit berist í alla þjóðfélagshópa er ljóst að áhrif alnæmis eru mest á þá fátækustu. Veikindi og dauði af völdum alnæmis ýta sjúkum, börnum þeirra og aðstandendum á ystu nöf. Sjúkir standa frammi fyrir vondum kostum til þess að hafa í sig og á meðan veikindin standa yfir. Börn eru tekin úr skóla til að spara útgjöld og til þess að þau afli tekna. Eignir eru seldar, skepnur og áhöld og annað sem þarf til framfærslu. Verkefni Lútherska heimssambandsins miðast við að ná til þessa fólks með aðgerðum sem gera þeim kleift að velja annað. Í þeim felst ráðgjöf, að koma fólki í próf, aðstoða við að fá lyf, auðvelda fólki að afla sér tekna og styðja börn þeirra.

Hjúkrunarfræðingar í sjálfböðastarfi

Prír hjúkrunarfræðingar, Ásta Rut Ingimundardóttir, Fríða Björk Skúladóttir og Bjarnheiður Böðvarsdóttir, dvöldu í Malaví í fimm mánuði í sjálfböðastarfi hjá samstarfsaðilum Hjálparstarfs kirkjunnar, Evangelical Lutheran Development Service, ELDS. Konurnar unnu á heilsugæslustöð meðan þar vantaði hjúkrunarfræðing, við heimahjúkrun, en þó einkum við farandsheilsugæslustöð. Hlutverk farandsheilsugæslunnar var að hafa eftirlit með næringarmiðstöðvum og koma þangað birgðum af maísmjöli, sykri, matarolíu, sápu og fleiru. Þangað var komið með munaðarlaus eða mjög fátæk börn á aldrinum sex mánaða til fimm ára. Fengu börnin næringarríkan graut þrjá daga vikunnar til að fyrirbyggja sjúkdóma og fræða aðstandendur þeirra um þá, hreinlæti og næringu. Næringarmiðstöðvarnar eru staðsettar við eða í kirkjum í litlum þorpum. Farandheilsugæslan er starfrækt á tímabilinu október til apríl en þá er svokallað hungurtímabil í suðurhluta Afríku þar sem uppskera síðasta árs er búin. Mörg börn á svæðinu voru vannærð og/eða með öndunarfæra- eða meltingarfærasýkingar eins og algengt er hjá börnum á þessum aldri. Malaría er algeng í Malaví og ein helsta dánarorsök barna. HIV-smit er einnig algengt en sjaldnast greint hjá þessum börnum þó svo vitað sé að foreldrarnir hafi dáið úr alnæmi. Margt kom hjúkrunarfræðingunum á óvart, þær skoðuðu t.d. börn eldri en tveggja ára sem ekki voru farin að ganga eða tala, með vatnshöfuð eða þroskaheft án nokkurrar greiningar. Hjúkrunarfræðingunum þótti verkefnið í heild mjög jákvætt og töldu það veita foreldrum og forráðamönnum barnanna stuðning. Með starfi sínu veittu hjúkrunarfræðingarnir Hjálparstarfinu aðra innsýn í starf samstarfsaðila sinna. Verkefnið var frumraun og báðir aðilar ánægðir. Hjúkrunarfræðingarnir komu með ýmsar ábendingar sem unnið verður úr í samstarfi við ELDS. Verkefnið í Malaví er samstarfsverkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Neyðaraðstoð Í gegnum ACT



Pakistan

Hjálparstarfið veitti fjármunum í gegnum ACT, Alþjóðaneyðarhjálp kirkna, til aðstoðar í Pakistan, Afganistan, Líbanon, Srí Lanka, Súdan og Úganda. Upplýsingafulltrúi fór til Pakistan til þess að fylgjast með uppbyggingu þar. Stjórnvöld endurgreiddu á árinu 2 milljónir króna sem teknar höfðu verið í virðisaukaskatt af sölu nýrrar útgáfu af laginu *Hjálpum þeim*, sem seld var til fjáröflunar fyrir Pakistan. Þar er nú unnið á sviði heilsugæslu, kennslu í fæðingarhjálp, fræðslu um hreinlæti, kennslu iðngreina og annars sem fólkið nýtir áfram þótt það sé farið úr tjaldbúðum. Verið er að endurnýja vatnsleiðslur og fleiri grunnatriði í þeim þorpum sem liggja hæst og ekki tókst að gera fyrsta sumarið eftir skjálftana.



Afganistan

Í Afganistan voru miklir þurrkar og sótti Hjálparstarfið um 8 milljóna króna styrk til utanríkisráðuneytisins vegna þeirra. Framlaginu var veitt í að koma vatni og matvælum tafarlaust á neyðarsvæðin, útvega fóður fyrir skepnur, dreifa útsæði fyrir uppskeru næsta árs og koma af stað „vinnu fyrir mat“, verkefni til að forðast að íbúar flosni upp. Síðan var unnið að því að skapa varanlegar lausnir varðandi aðgengi að vatni.



Líbanon

Tveggja milljóna króna framlag sem Hjálparstarfið sótti um til utanríkisráðuneytisins vegna Líbanon rann til Alþjóðaneyðarhjálp kirkna, ACT. Markmið ACT var að ná til 6.600 fjölskyldna eða um 40.000 manns á flóttu í Suður-Líbanon með vatn, hreinlætisvörur, matarpakka sem duga hverri fjölskyldu í 2 vikur, barnavörur, skjólgerðarefni, dýnur og mataráhöld og nauðsynlegustu lyf.

Srí Lanka og Súdan

Á Srí Lanka heldur uppbygging eftir Tsunami-flóðin áfram samkvæmt áætlun. Í Darfúr í Súdan er engin lausn á deilum og vanda flóttamanna í sjónmáli og mikil þörf fyrir aðstoð. Hjálparstarf norsku kirkjunnar leiðir hjálparstarf stofnana þar. Hún varði framlagi Hjálparstarfsins upp á 6 milljónir sem komu frá utanríkisráðuneytinu. Þar er verið að veita mataradstoð, tryggja aðgang að vatni, koma upp frárennsli, veita börnum kennslu, fullorðnum ráðgjöf og aðstoð ýmiskonar.

Úganda

Í norðurhluta Úganda heldur Lútherska heimssambandið úti starfi meðal flóttamanna vegna átaka á svæðinu. Ástandið hefur varað lengi og ljóst að margir verða í búðum um ókomna tíð meðan unnið er að því að koma öðrum heim. Hjálparstarfið lét 6,4 milljónir í þetta verkefni sem utanríkisráðuneytið veitti styrk til.

Tvíhliða neyðarstarf

Indland

Hjálparstarfið veitir einnig tvíhliða neyðaraðstoð þ.e. beint til samstarfsaðila eins og á Indlandi. Á vegum SAM, mannréttindasamtakanna Social Action Movement, var unnið áfram að uppbyggingu á strandsvæðum eftir Tsunami-flóðin. Reknir voru 4 kvöldskólar fyrir 227 börn á tímabilinu júní – desember 2006. Sjá nánar um starfsemi þeirra í kafla um þróunarstarf á Indlandi. 13 barnaþing störfuðu með 316 börnum af flóðasvæðunum. Þar læra börnin um réttindi sín og læra að krefjast þeirra. T.d. búa þau í námunda við kjarnorkuver sem skemmdist í flóðunum og geislavirkni varð. Langur tími leið áður en fólk á svæðinu fékk aðstoð því hvorki stjórnvöld né hjálparsamtök vildu fara inn á geislavirkt svæði. SAM kom þar fyrst á vettvang. Eru eftirmálar þessa, eitt af því sem börnin ræða. Í starfi sem unnið hefur verið að í vetur fengu 95 stúlkur og konur kennslu í saumum, 30 konur og karlar lærðu að keyra og 727 manns nutu góðs af þjónustu í læknaþúðum og fræðslu í sambandi við forvarnir gegn hamförum. 640 börn tóku þátt í fræðslu og hátíðahöldum á vegum SAM á degi barnsins í nóvember.

ACT International – Alþjóðaneyðarhjálp kirkna

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að ACT International (Action by Churches Together), Alþjóðaneyðarhjálp kirkna. ACT sinnir neyðaraðstoð í nafni Lútherska heimssambandsins og Alkirkjuráðsins. Framkvæmdaðilar á neyðarsvæðum eru kirkjur og hjálparstofnanir þeirra í samvinnu við innlend og erlend félagasamtök og samráð er við stjórnvöld. ACT safnaði 79,7 milljónum dollara til aðstoðar í 34 löndum. Afríka fékk 29,4 milljónir, Asía og Kyrrahafssvæðið 41,5 milljónir, 6 milljónum var varið í Evrópu, 1,2 milljónir dollara fóru til Suður-Ameríku, eyja og landa við Karíbahafið og 5,9 milljónum var varið í Mið-Austurlöndum. Af heildarfjárhæðinni var 834.000 dollurum varið til þess að þjálfa viðbrögð við neyð og byggja upp færni fólks á hamfarasvæðum og til þess að deila út í gegnum viðbragðssjóð ACT. 1,92 milljónir dollara kostaði að reka skrifstofu ACT í Genf sem samræmir aðgerðir aðila. Var sá þáttur algjörlega fjármagnaður af ACT-aðilum sjálfum.

Styrkur ACT er sá að þegar neyðarástand skapast er ACT-aðili alltaf á staðnum vegna þess hve víðfemt alþjóðanet kirkna er. Þessi aðili kemur neyðarbeiðni á framfæri við ACT International. Fyrir vikið er alltaf þekking á aðstæðum, tungumáli og menningu sem gerir starfið árangursríkara. Staðarkirkja eða stofnun fær tilstyrk stærri og reyndari ACT-aðila í framlögum og mannafla. ACT starfar eftir alþjóðlegum stöðlum í mannúðarstarfi s.s. SPHERE (Humanitarian Charter and Minimum Standards in Emergency Response). Í fjölda tilfella vinnur ACT með stofnunum Sameinuðu þjóðanna, öðrum hjálparstofnunum og stjórnvöldum í hverju landi. Verkefni spanna allt litróf hörmunga: engisprettufaraldra, flóð, þurrka, átök, fellibylji, eldgos, jarðskjálfta ofl. Heimasíða ACT er www.act-intl.org.





Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablaðið Margt smátt

Margt smátt kom út fjórum sinnum á starfsárinu, tvisvar í A4 broti sem dreift er til styrktarmanna, á bókasöfn og víðar; og tvisvar, um jól og páska, sem fylgiblað með Fréttablaðinu. Fylgiblöðin eru til þess að kynna söfnunarefni og segja frá árangri af öðrum söfnunum. Í blöðunum í A4-brotinu er hægt að fjalla um ýmis mál sem snerta stöðu fátækra s.s. alþjóðaviðskipti, fair trade eða sanngjörn viðskipti, skuldastöðu þriðjaheimslanda, loftslagsbreytingar og fleira ásamt innanlandsaðstoðinni og ýmsu sem er á döfinni hjá stofnuninni.

Changemaker – Breytendur

Hjálparstarf kirkjunnar stendur að ungliðahreyfingunni Changemaker með Æskulýðssambandi kirkjunnar í Reykjavík og fræðsludeild kirkjunnar. Changemaker á Íslandi hefur fengið undirheitið breytendur (breytönd / breytendur) og er að fyrirmynd frá Hjálparstarfi norsku kirkjunnar. CM á Íslandi var stofnað í fyrra og í vetur síðast hugmyndafræði CM inn í huga félaganna. Hópurinn er orðinn virkur í stað þess að vera aðeins móttakandi fræðslu eins og fyrsta veturinn. Starfið í vetur hefur m.a. farið í það að undirbúa kynningar í skólum með útgáfu bæklinga og heimsóknáætlun og einnig stöðu Changemaker-félagar fyrir sinni fyrstu aðgerð á árinu; að kynna fair trade eða sanngjörn viðskipti í verslunum. Handbók um starfshætti CM og gagnlegum upplýsingum fyrir félagsmenn var þýdd og staðfærð og kom út í vor. Með henni verður hægt að færa nýjum félögum í hendur tæki til að koma af stað nýjum hópum. Tveir fulltrúar fóru á sumarráðstefnu Changemaker í Noregi. Það er mikilvægt til að skynja sig hluta af stærri hreyfingu sem getur haft áhrif og að færa eldmóð í starfið hér heima. Changemaker er tilboð til þeirra sem vaxnir eru upp úr æskulýðsstarfi kirkjunnar, ungmenna á aldrinum 16 til 25 ára. Changemaker starfar í sjálfstæðum hópum og markmið þeirra er að vekja athygli á kjörum fólks í þróunarlöndum og berjast fyrir breytingum á þeim hér heima.



Ný kynningarmynd

Ný kynningarmynd var gerð um verkefni samstarfsaðila á Indlandi; skólastarf og vinnu með þrælabornum. Myndina gerði Þórunn Helgadóttir. Myndin leysir af hólmi 10 ára gamalt myndband og mun nýtast til almennrar fræðslu og til upplýsingar fyrir þá sem vilja gerast styrktarmenn. Myndina er hægt að fá á DVD-diski á skrifstofunni.

Fræðsla meðal fermingarbarna

Í tengslum við fermingarbarnasöfnunina fræddust 3.250 fermingarbörn um allt land um kjör jafnaldra sinna í Úganda. Notuð var myndasería um munaðarlausan systkinahóp sem þurfti algjörlega að sjá um sig sjálfur, rækta akurinn, sækja vatn og eldivið, elda mat, halda við húsi sínu osfr. Markmið með fræðslunni er að fermingarbörn kynnist verkefnum Hjálparstarfsins, þekki merki þess og helstu vandamál sem við er að etja í fátækum löndum, einkum þó skort á hreinu vatni. Einnig er markmið fræðslunnar að börnin hugleiði eigin aðstæður og meti þær meira en áður.

Heimsóknir til hópa

Falast var eftir fræðslu um sanngjörn viðskipti í Menntaskólanum á Ísafirði á þemadögum í febrúar. Fulltrúi Hk fræddi tvo 30 nemenda hópa um málið. Gestgjafar höfðu undirbúið heimsóknina vel og hafði m.a. Bónus verið fengið til liðs með því að leyfa ungmennum úr æskulýðsstarfi að kynna Fair trade vörur í versluninni en hún býður upp á nokkrar vörutegundir. Staðarblaðið, svæðisútvarpið og Morgunblaðið tóku viðtöl við fulltrúa Hk um sanngjörn viðskipti og hlutverk Hjálparstarfsins í að kynna kerfið á bak við þau. Starf Hjálparstarfsins almennt var kynnt við svipað tækifæri í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sagt var frá og sýndar myndir og farið í leik um alþjóðaviðskipti sem lætur þátttakendur upplifa á sjálfum sér hvernig er að vera ríkur vs. fátækur og þá möguleika sem það opnar eða lokar. Fleiri heimsóknir voru til sóknarnefnda víðsvegar og félagasamtaka s.s. Oddfellow ofl.

Safnanir og fjáröflun

Fermingarbarnasöfnun 2006

Fermingarbörn söfnuðu 7,1 milljón króna með því að ganga í hús fyrsta mánudag í nóvember. 64 prestar og starfsfólk kirknanna tóku að sér að fræða 3.250 fermingarbörn um aðstæður í Afríku og leiða þau í fjársöfnun hver í sinni sókn. Fræddust börnin um kjör systkinahóps í Úganda sem hefur misst báða foreldra úr alnæmi. Sáú þau á myndum hvert þau sækja vatn og lærðu þau um smithættuna sem fylgir óhreinu vatni og aðra erfiðleika sem jafnaldrar þeirra þar í landi glíma við. Fermingarbörnin söfnuðu fé til þess að hjálpa munadarlausum börnum í Rakai og Sembabule í Úganda. Hjálparstarfið hefur stutt það verkefni í fjölda ára í gegnum Lútherska heimssambandið.

Jólasöfnun 2006

Jólasöfnun fyrir vatni gekk vel, söfnuðust 33,7 milljónir. Gerðar voru þrjár eftirlíkingar af brunni eins og þeir gerast í Afríku og var þeim komið fyrir í Smáralind, í Húsasmíðjunni og á Glerártorgi á Akureyri til að vekja athygli á söfnuninni. Fyrirtækið Vökvakerfi í Reykjavík smíðaði og gaf brunnana. Æskulýðsfélagar af höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri gengu um þessa staði með vatnsbrúsa á bakinu og buðu fólki vatn að drekka.





Páskasöfnun 2007

Safnað var fyrir menntun barna á Indlandi og fengust rúmlega 9,4 milljónir. Voru gíróseðlar sendir á hvert heimili í landinu. Ljósmyndasýning með myndum úr starfi Hjálparstarfsins var opnuð daginn sem söfnunin hófst, í Smáralind. Valgerður Sverrisdóttir þáverandi utanríkisráðherra, opnaði hana og sýningin stóð í tvær vikur. Hún var svo sett upp í aðrar tvær vikur á Glerártorgi á Akureyri í maí. Ljósmyndari var Kristján Ingi Einarsson sem fór til Indlands til að kynna verkefnum Hjálparstarfsins.

Safnað á kaffihúsum

Söfnunarbaukar standa á 51 stað víða um land. Á árinu söfnuðust í þá rúmlega 520.000 kr. sem renna til verkefna í Afríkulöndum. Þessi söfnun hefur engan kostnað í för utan dósa, merkinga á þær og sendingarkostnaðar því ekkert er auglýst og rekstraraðilar hvers staðar tæma bauka og leggja inn. Stöðum fjölgar hægt og rólega og upphæðin hækkar með hverju ári.

Söfnunarsíminn 907 2002

Söfnunarsíminn er alltaf opinn en er aðeins auglýstur við safnanir. Hver hringing í símann gefur 1.100 kr. og safnaðist þannig 1 milljón króna.

Gjafabréf og minningarkort

Sala á gjafabréfum eykst jafnt og þétt. Tilefni eru mjög fjölbreytt og kaupendur á öllum aldri. Fimm málefni voru í boði: Menntun barna á Indlandi, að leysa þrælaborð úr ánaud, vatn, að styrkja íslensk efnalítil ungmenni til að ljúka námi og að kaupa geit til að styrkja sjálfsþurftabændur í Malaví og munaðarlaus börn sem búa ein í Úganda. Sala minningarkorta hefur aukist og má sjá þau og kaupa í gegnum vefinn eða hringja.

Fé úr ýmsum áttum

Skrifað var undir þriggja ára samning við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis um fjögurra milljóna króna framlag á ári til verkefnis Hjálparstarfsins í Malaví. Framlagið verður notað til að bora eftir vatni í Chikwawa-héraði. Menningarsjóður Landsbankans gaf 1 milljón sem rennur í Framtíðarsjóðinn.

Einstaklingur gaf 5 milljónir til innanlandshjálpar, 4 milljónir í Framtíðarsjóðinn og eina milljón til að kaupa lyf, gleraugu og annað. Velferðarsjóður íslenskra barna lagði Hjálparstarfinu lið sem svo oft áður með 4 milljónum til starfa innanlands. 1 milljón barst frá Öryrkjabandalaginu og 1,5 milljónir frá Reykjavíkurbædd RÍKÍ til jólaaðstoðar. Einnig lagði SORPA 2 milljónir í Framtíðarsjóðinn. Auk þessara framlaga bárust mörg framlög eyrnamerkt til ákveðinna verkefna bæði hér heima og erlendis.

Erlent samstarf

Samráðsfundur norrænna hjálparstofnana kirkna

Ábyrgðin að vernda

Á fundi hjálparstofnana kirkna á Norðurlöndum sem haldinn var í Reykjavík 11.-12. september 2006 undirrituðu framkvæmdastjórar stofnananna stefnuyfirlýsingu um ábyrgðina að vernda. Skoraði hver stofnananna á ríkisstjórn síns lands að tryggja með öllum tiltækum ráðum, heima og á alþjóðavettvangi, að hægt sé að veita almennum borgurum vernd gegn þjóðarmorði, stríðsglæpum, kynþáttahreinsunum og glæpum gegn mannkyni. Telja þær það vera grundvallaratriði frá siðferðissjónarmiði og mikilvægt skref í þróun alþjóðalaga.

Fundur APRODEV

APRODEV hélt árlegan fund sinn á Íslandi dagana 31. maí og 1. júní. Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að APRODEV, samtökum kirkjutengdra hjálparstofnana sem vinna að markmiðum sínum með því að hafa áhrif á ákvarðanir Evrópusambandsins sem snerta fátækt og hafa áhrif á baráttu gegn henni. Þ. á m. eru viðskiptamál, jafnréttismál, loftslagsbreytingar og fleira. APRODEV-aðilar eru 17 talsins og eru sameiginleg framlög þeirra til þróunarmála nær 1 milljarður evra á ári. Hjálparsamtökin hver fyrir sig, vinna að sömu málum með verkefnum sínum í þróunarlöndum. Utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, var boðið til þess að kynna viðhorf og aðgerðir íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum. Ráðherra sagði íslensk stjórnvöld mundu beita sér fyrir því að dregið yrði úr koldíoxíðsmengun og áhersla lögð á aukin framlög Íslands til þróunarmála. Einnig var Kolviði boðið til þess að kynna möguleika fólks til að kolefnisjafna útblástur af notkun farartækja. Fundurinn ályktaði einnig um og ítrekaði, ábyrgð Evrópusambandsins og einstakra aðildarlanda á að sjá til þess að alþjóðalög væru virt í deilum Ísrael og Palestínu. APRODEV sagði stjórnvöld í Palestínu hæf til að taka við alþjóðlegri neyðarhjálp og hvatti stjórn Evrópusambandsins til að beina fjármunum til hjálparstarfs í gegnum þau. APRODEV hvatti stjórnvöld í Ísrael til að láta af hendi skattfé sem Palestínnumönnum bæri, til þess að lama ekki efnahag og félagsþjónustu þeirra.

Fjármál

Söfnunarfé og útgjöld


Söfnunarfé og aðrar tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2006 til 30. júní 2007 námu 215,3 milljónum króna sem er 41% hærra en árið áður og 27% hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Framlög styrktarmanna, presta og sókna námu 21,6 milljónum. Brúttótekjur af styrktarlínum í fréttablaðið Margt smátt voru 5,7 milljónir og af kertasölu 9,5 milljónir. Söfnunarfé og styrkir námu 175,3 milljónum.

Framlög til verkefna


111,3 milljónum var varið til verkefna á starfsárinu. Þar af var 45 milljónum varið til þróunarverkefna og 22,1 milljón til neyðarhjálpar. 8,5 milljónum var varið til fræðslu- og kynningarstarfa og 32,1 milljón til verkefna innanlands auk matargjafa að áætluðu verðmæti 5,5 milljónir.

Mismunur á tekjum og því sem varið er til verkefna felst að mestu í fjármunum sem hafa verið eyrnamerkir ákveðnum verkefnum en framlögunum dreift á lengri tíma.


111,3 milljónum var varið til verkefna



Tekjur voru 215,3 milljónir



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 164,2 milljónum



Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar byggir starfsemi sína á skipulagsskrá fyrir stofnunina. Henni stjórnar ráð 15 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Fulltrúar eru kosnir til tveggja ára. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Enginn má sitja lengur en 6 ár samfleytt í fulltrúaráði. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Þorsteinn Pálsson formaður
Gunnar Sigurðsson
Sigríður Lister
Varamenn:
Sr. Elínborg Sturludóttir.
Hrafnhildur Sigurðardóttir

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Hún ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk sem nú eru: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald, fósturbörn og kertasölu, Anna M. Þ. Ólafsdóttir fræðslu- og upplýsingafulltrúi og Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Sigurlaug Lydia Geirsdóttir verkefnisstjóri og Jónína Ingvarsdóttir í hálfu starfi í innanlandsaðstoð.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf.

Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar 2006-2007



*Jónas Þórir
Þórisson
framkvæmdastjóri
jonas@help.is*



*Áslaug Arndal
skrifstofustjóri, umsjón
með fósturbörnum,
styrktarmannakerfi og
sölu friðarljósa
aslaug@help.is*



*Anna M. Þ.
Ólafsdóttir
upplýsinga-, fræðslu-
og markaðsmál
anna@help.is*



*Vilborg Oddsdóttir
félagsráðgjafi,
umsjónarmaður með
innanlandsaðstoð
vilborg@help.is*



*Lydia
Geirsdóttir
verkefnastjóri
lydia@help.is*



*Jónína Ingvarsdóttir
innanlandsaðstoð*

Fulltrúaráð og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar

Sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup
Bergstaðastræti 75, 101 Reykjavík.

Skipaðir af kirkjuráði

Þorsteinn Pálsson, Háteigsvegi 46,
105 Reykjavík 2006, 568 1808,
thorsteinn@frett.is

Hrafnhildur B. Sigurðardóttir, Nesbala 20,
170 Seltjarnarnes, 2005, 561 4641,
820 7691, nesbali@internet.is

Ingibjörg Pálmadóttir, Vesturgötu 32,
300 Akranes, 2004, 568 0330, 864 0330,
velferd@simnet.is

Rannveig Sigurbjörnsdóttir, Blásölum 22,
201 Kóp 2006, 554 0187, 690 8340,
rannveigsi@simnet.is

Sigríður K. Lister, Sólheimum 23,
104 Reykjavík, 2001-5, 553 2323,
848 9971

Varamenn kirkjuráðs

Kristín Magnúsdóttir, Brúnavegi 6,
104 Reykjavík 2006, 581 3429, 698 6961,
krisma@austurbajarskoli.is

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir,
Lindargötu 33, 101 Reykjavík,
2005, 551 9997

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Dúfa Sýlvía Einarsdóttir, Beikihlíð 7,
105 Reykjavík, 2004, 553 8843, 868 1408
dufase@simnet.is

Jón Trausti Jónsson, Laugarnesvegi 48,
105 Reykjavík, 2004, 553 1447,
rjupa@btmet.is

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Ingvar Haraldsson, Hverafold 23,
112 Reykjavík, 2003, 5671312, 899 5025,
ingvar.haraldsson@tmd.is

Kjalarnesprófastsdæmi

Símon Rafnsson, Vogagerði 2, 190 Vogar,
2002, 424 6574, 848 0274,
moni30@simnet.is

Sr. Bragi J. Ingibergsson, Breiðvangi 61,
220 Hafnarfjörður, 2002, 565 2050,
srbragi@vidistadakirkja.is

Borgarfjarðarprófastsdæmi

Ragnheiður Guðmundsdóttir, Ásfelli 2,
301 Akranes, 2003, 892 1948, 431 2279,
ragnheih@simnet.is

Arna Einarsdóttir, Klettavík 5, 310 Borgarnes,
2004, 437 2155, 893 1597, arnakk@simnet.is

Snefells- og Dalaprófastsdæmi

Sr. Elínborg Sturludóttir, Eyrarvegi 26,
350 Grundarfjörður 2005, 847 1475,
elinborg.sturludottir@kirkjan.is

Sigrún J. Baldursdóttir, Hraunási 7,
360 Hellissandi, 2005, 436 6671

Vestfjarðarprófastsdæmi

Hulda Karlsdóttir, Miðstræti 17,
415 Bolungarvík, 2005, 456 7414,
863 3811, oldrun@vestfiridir.is

Helga Friðriksdóttir, Miðtúni 33,
400 Bolungarvík, 2007, 456 4017,
894 4017, helgaf@snerpa.is

Húnavatnsprófastsdæmi

Gunnsteinn Gíslason, Birgistanga,
524 Norðfjörður, 2005, 451 4000,
gunnsteinn@simnet.is

Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Gunnar Jóhannesson, Kirkjugötu 13,
565 Hofsó, 2005, 551 5977,
gunnar.johannesson@kirkjan.is

Sigríður Garðarsdóttir, Miðhúsum,
560 Varmahlíð, 2001, 453 8271

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Stefán Guðlaugsson, Þórustöðum 4,
601 Akureyri, 2007, 462 7650,
fjarkinn@simnet.is

Sr. Guðmundur Guðmundsson,
Háalandi 11, 600 Akureyri, 2007, 897 3302,
gudmundur.gudmundsson@kirkjan.is

Pingeyjarprófastsdæmi

Sr. Örnólfur J. Ólafsson, Skútustöðum,
660 Mývatn, 2006, 860 2817, fridaddi@est.is

Finnur Baldursson, Lynghrauni 5,
660 Mývatn, 2006, 865 9775,
finnurb@simnet.is

Austfjarðarprófastsdæmi

Sr. Þórey Guðmundsdóttir, Kolfreyjustað,
750 Fáskrúðsfjörður 2005, 457 1373,
thorey.gudmundsdottir@kirkjan.is

Sr. Sigurður R. Ragnarsson,
Blómsturvöllum 35, 740 Neskaupstað, 2005,
477 1127, 896 9878,
sigurdur.runar@kirkjan.is

Múlaprófastsdæmi

Gísli Guðmundsson, Kaldá, 701 Egilsstöðum,
2006, 471 1729, 894 1729,
solskogar@simnet.is

Ástríður Kristinsdóttir, Laugavöllum 10,
700 Egilsstöðum, 2006, 471 1366, 863 6866

Skaftafellssprófastsdæmi

Örn Arnarson, Hólabraut 3, 780 Höfn, 2006,
478 1425, 866 6253, krusa@simnet.is

Guðmundur Óli Sigurgeirsson,
Skaftárvöllum 11, 880 Klaustur, 2004,
487 4664, olisi@ismennt.is

Rangárvallaprófastsdæmi

Haraldur Júlíusson, Gilsbakka 35,
860 Hvolsv, 2005, 487 8546, 862 1267,
harjul@simnet.is

Þórdís Ingólfssdóttir, Kambi, 851 Hella,
2004, 487 6554, 864 6906, gorn@mmedia.is

Árnesprófastsdæmi

Sr. Axel Árnason, Estra-Geldingarholti,
801 Selfossi, 2002, 486 6057,
axel.arnason@kirkjan.is

Hafsteinn Stefánsson, Túni II, 801 Selfoss,
2006, 482 1063, 862 1063, tun2@simnet.is

Stjórn

Aðalmenn:

Þorsteinn Pálsson
Sigríður Lister
Gunnar Sigurðsson

Varamenn:

Sr. Elínborg Sturludóttir
Hrafnhildur B. Sigurðardóttir

Skoðunarmenn reikninga

Guðlaugur Gunnarsson
Dúfa Sýlvía Einarsdóttir

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Árbæjarsókn
Breiðholtssókn
Anna Matthildur Axelsdóttir, Þangbakka 10,
109 Reykjavík, 2005, 587 7876,
anna.axelsdottir@tmd.is,

Digranessókn

Halldór Konráðsson, Hlíðarvegi 35,
200 Kópavogur 2006, 564 1741,
hkth@simnet.is

Kársnessókn

Einfríður Árnadóttir, Kársnesbraut 76,
200 Kóp, 2006, 860 8856,
einfridur@rontgen.is

Sigríður Stefánsdóttir, Vallargerði 18,
200 Kóp, 2006, 846 3964,

Grafarvogssókn

Ingvar Haraldsson, Hverafold 23,
112 Reykjavík, 2004, 567 1312,
899 5025, ingvar.haraldsson@tmd.is

Hjallasókn

Margrét Björnsdóttir Fagrahjalla 19,
200 Kópavogi, 2004, 564 1617,
698 3579, margreth@centrum.is

Svala Hafsteinsdóttir, Efstahjalla 1,
200 Kópavogi, 2006, 554 6998,
696 6998, mbm@strik.is

Lindasókn

Ástríður Jónsdóttir, Núpaland 6,
201 Kópavogi, 2005, 867 2859, 588 8899,
asta@kfum.is

Jóhann Hafsteinsson, Ljósaland 4,
201 Kópavogi, 2004, 554 4898, johanh@hi.is

Hólabrekkusókn

Jón A. Björnsson, Hamrabergi 7,
111 Reykjavík, 2004, 557 5215, 692 6518,
solveigj@islandia.is

Fellasókn

Birna Hjaltadóttir, Vesturbergi 177,
111 Reykjavík, 2004, 510 1000, 567 3201,
birna@bigfoot.com

Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir, Lindarseli 2,
109 Reykjavík, 2004, 557 6848, 868 4863,
lindarsel@simnet.is

Reykjavíkurráðgjafastofnun vestra Ássókn

Júlíana Tyrfingsdóttir, Austurbrún 2,
104 Reykjavík, 2005, 553 2292

Sigríður Sigurbergisdóttir, Sæviðarsundi 19,
104 Reykjavík, 2005,

Bústaðasókn

Gunnar Sigurðsson, Kvistalandi 13,
108 Reykjavík, 2004, 581 4827, 664 1891,
gunnars@decode.is

Dómkirkjusókn

Sigurður Jónsson, Garðastræti 49,
101 Reykjavík, 2004, 551 4189, 899 4959,
sj@khi.is

Marínó Þorsteinsson, Vesturgötu 19,
101 Reykjavík, 2004, 552 5800,
marino.thorsteinsson@or.is

Grensásókn

Halldór Kristinn Pedersen, Fellsmúla 6,
108 Reykjavík, 2004, 568 7596, 899 8931
grensaskirkja@kirkjan.is

Gunnfríður K. Tómasdóttir,
Háaleitisbraut 147, 108 Reykjavík, 2005,
869 1583

Hallgrímssókn

Guðlaugur Gunnarsson, Þórsögðu 4,
101 Reykjavík, 2004, 562 1255, 820 6573,
gudlaugur.gunnarsson@landsbanki.is

Háteigssókn

Dúfa Sýlvía Einarsdóttir, Beikihlíð 7,
105 Reykjavík, 2004, 553 8843, 868 1408,
dufase@simnet.is

Nessókn

Benedikt Sigurðsson, Skildinganesi 21,
101 Reykjavík, 2004, 552 3242, 892 2168,
bensis@simnet.is

Langholtssókn

Heiður Þorsteinssdóttir, Nökkvavogi 39,
104 Reykjavík, 2004, 553 0661, 895 0661,
heia@mi.is

Guðrún Áslaug Einarsdóttir, Eikjuvogi 28,
104 Reykjavík, 2007, 553 1929, 893 1929,
gudrun@janus.is

Laugarnessókn

Jón Trausti Jónsson, Laugarnesvegi 48,
105 Reykjavík, 2005, 553 1447, 820 8258,
rjupa@btnet.is

Kjalarnesráðgjafastofnun

Keflavíkurkirkja
Þórunn Þórisdóttir, Efstaleiti 30,
230 Keflavík, 2004, 421 5681, 420 7709,
thorunn.thorisdottir@deloitte.is

Ofanleitissókn

Steinunn Einarsdóttir, Vestmannabraut 36,
900 Vestmannaeyjum, 2004, 481 3208,
steinae@mi.is

Guðbjörg Matthíasdóttir, Birkihlíð 17,
900 Vestmannaeyjum, 2006, 481 2312

Borgarfjarðarprófestsstofnun

Garðaprestakall
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir,
Vesturgötu 105, 300 Akranes, 2004,
431 1542, moggiakr@isl.is

Ragnheiður Grímsdóttir, Vogabraut 42,
300 Akranes, 2004, 431 2058,
vogabraut@gmail.com

Eyjafrjaldarprófestsstofnun

Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundson, Glerárgötu 1,
600 Akureyri, 2004, 462 4301, 894 4301

Lögmannshliðarsókn

Svanhildur Bragadóttir, Huldugili 68,
603 Akureyri, 2005, 462 7525, 891 7525,
svanhb@internet.is

Anna Gréta Baldursdóttir, Langholti 17,
603 Akureyri, 2005, 462 1017, 899 3213,
fold-anna@simnet.is

Þingeyjarprófestsstofnun

Húsavíkursókn
Haflíði Jósteinnsson, Garðabraut 53,
640 Húsavík, 2004, 464 1765,

Skinnastaðasókn

Guðný María Sigurðardóttir, Ærlæk,
Öxarfjarðarhreppur, 671 Kópasker, 2004,
465 2235

Raufarhafnarsokn

Vallanesprestakall
Gísli Guðmundsson, Kaldá, Vallahreppi
701 Egilsstaðir, 2005, 471 1729, 894 1729,
solskogar@simnet.is

Rangárvallaprófestsstofnun

Þórdís Ingólfssdóttir, Kambi, Holta- og
Landsveit, 851 Hellu, 2004, 487 6554,
864 6909, gorn@mmedia.is

